



Niðurstöður rannsóknar á áhrifum hugsanlegrar virkjunar í Stóru Laxá á útivist og ferðamennsku

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2016-014

Dags: Nóvember 2015

Fjöldi síðna: 55

Upplag: 10

Dreifing:

- Birt á vef LV
- Opin
- Takmörkuð til 2017

Titill: Niðurstöður rannsóknar á áhrifum hugsanlegrar virkjunar í Stóru Laxá á útivist og ferðamennsku

Höfundar/fyrirtæki: Efla verkefræðistofa. Sigrún M. Kristinsdóttir og Ólafur Árnason

Verkefnisstjóri: Helgi Bjarnason

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: _____

Útdráttur: Sumarið 2015 var gerð viðtalskönnun meðal 18 skilgreindra hagsmunaaðila og spurningalisti lagður fyrir 116 ferðalanga á ferð um línuveginn ofan Laxárgljúfra. Í ljós kom að aukning hefur orðið á ferðamönnum á svæðinu undanfarin ár, en heiðin eða svæðið er ekki endanlegur áfangastaður flestra þeirra heldur eiga þeir leið um svæðið til áfangastaðar. Á 5 vikum fóru tæplega 300 bílar um svæðið og áætlaður ferðamannafjöldi er um 800 á þessum tíma. Að auki áttu leið um svæðið hópar hestamanna, sem hækka tölu ferðamanna nokkuð.

Lykilorð: Stóra Laxá, ferðamenn, ferðamenskukönnun

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Niðurstöður rannsóknar á áhrifum hugsanlegrar virkjunar í Stóru Laxá á útivist og ferðamennsku



SKÝRSLA - UPPLÝSINGABLAÐ

Titill skýrslu Niðurstöður rannsóknar á áhrifum hugsanlegar virkjunar í Stóru Laxá á útivist og ferðamennsku		Tegund skýrslu Rannsókn	
Verkheiti Stóra Laxá		Verkkaupi Landsvirkjun	
Verkefnisstjóri - EFLA Ólafur Árnason		Verkefnisstjóri / fulltrúi verkkaupa Helgi Bjarnason	
Höfundur Sigrún María Kristinsdóttir	Skýrslunúmer 001	Verknúmer 1611-155-28	Fjöldi síðna
<p>Útdráttur</p> <p>Tilgangurinn með skýrslu þessari er að gefa mynd af áhrifum hugsanlegarar virkjunar í Stóru Laxá, ofan Laxárgljúfra, á ferðamennsku og útivist. Landssvæðið sem um er að ræða er allt í eigu ríkisins en bændur hafa þar beitarrétt og er það allt afskekktur og illfær afréttur. Sumarið 2015 var viðtalskönnun gerð meðal 18 skilgreindra hagsmunaaðila og spurningalisti lagður fyrir 116 ferðalanga á ferð ofan Laxárgljúfra, aðallega fólk sem átti leið um línuveginum sem liggur samhliða Sultartangalínunum 2 og 3. Jafnframt var bifreiðaumferð um þann vegarslóða talin og notkun á svæðinu könnuð. Í ljós kom að aukning hefur verið á ferðamönnum um svæðið undanfarin ár, í takt við breytta tíma, og flestir þeirra sem leið eiga um svæðið eru á leið frá einum áfangastað til annars – þ.e. heiðin ofan Laxárgljúfra er ekki endanlegur áfangastaður þeirra. Flestir koma koma þeir akandi á sérútbúnum farartækjum eða ríðandi í skipulagðri hestaferð, þá oftast útlendingar í fylgd með starfsmönnum hestaferðapjónustu. Trússbílar aka eftir veginum. Einnig fer göngufólk um svæðið, aðallega upp eða niður Laxárgljúfrin, veiðmenn veiða í gljúfrunum og í hinu manngerða Heiðarvatni, og einstaka hjólreiðamaður er farinn að sjást á línuveginum. Einnig fara gangnamenn um svæðið á haustin.</p> <p>Línuvegurinn er lokaður stóran hluta ársins nema allra færasta jeppafólki svo umferð um hann er mest seinnipart sumars. Á svæðinu eru einnig reiðleiðir, tveir gangnamannaskálar og gönguleið er niður með Laxárgljúfrum. Á þeim 5 vikum sem bifreiðaumferð var talin fóru tæplega 300 bílar um svæðið og gera má ráð fyrir að í þeim hafi ferðast tæplega 800 manns. Hópar hestamanna fóru jafnframt um svæðið meðan spýrlar voru á ferð, en ekki er ljóst hversu margir hestamenn fara um svæðið á ári hverju. Þó má draga þá ályktun að ferðamenn sem eiga leið um svæðið ofan Stóru-Laxár séu innan við 10.000 á ári.</p>			
<p>Lykilorð</p> <p>Stóru-Laxárvirkjun, Stóra Laxá, Leirá, Skillandsá, ferðamennska viðtalskönnun, spurningalisti, viðhorf heimamanna, viðhorf hagsmunaaðila, viðhorf ferðamanna, ferðapjónusta, útivist</p>			
<p>Staða skýrslu</p> <p><input type="checkbox"/> Í vinnslu</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Drög til yfirlustrar</p> <p><input type="checkbox"/> Lokið</p>		<p>Dreifing skýrslu og upplýsingablaðs</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Opin</p> <p><input type="checkbox"/> Dreifing með leyfi verkkaupa</p> <p><input type="checkbox"/> Trúnaðarmál</p>	



Útgáfusaga						
Nr.	Höfundur		Rýnt		Samþykkt	
	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.	Nafn	Dags.
1	Sigrún María Kristinsdóttir	15.09.15	Ólafur Árnason	16.11.15	Sigrún María Kristinsdóttir	17.11.15
2	Sigrún María Kristinsdóttir	17.11.15	Ólafur Árnason	17.11.15	Sigrún María Kristinsdóttir	17.11.15

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	II
MYNDASKRÁ.....	IV
TÖFLUSKRÁ	V
1 INNGANGUR	1
1.1 Fyrirhuguð virkjun og landsvæðið ofan Laxárgljúfra	1
1.2 Núverandi notkun á landinu	3
2 AÐFERÐAFRÆÐI.....	5
2.1 Matsaðferðir faghóps 2 í Rammaáætlun	5
2.2 Viðtalsrannsókn	6
2.3 Spurningalisti ferðamanna	7
3 NIÐURSTÖÐUR.....	9
3.1 Notkun svæðisins með tilliti til ferðapjónustu	9
3.1.1 Afþreyingarmöguleikar	9
3.1.2 Innviðir	12
3.1.3 Notkun	12
3.1.4 Framtíðarvirði	13
3.2 Viðtalsrannsókn	13
3.2.1 Upplýsingar um viðmælendur	13
3.2.2 Svæðið, merking þess fyrir viðmælendur og afstaða gagnvart virkjun	14
3.2.3 Umferð um svæðið og afstaða til aukinnar þjónustu	16
3.2.4 Háspennulínur	20
3.2.5 Mikilvægi lítt snortins víðernis	22
3.2.6 Virkjunarmannvirki á svæðinu – áhrif á ferðamennsku og útivist.....	23
3.2.7 Áhrif virkjunarinnar á náttúrufars-, samfélags- og atvinnuþætti	26
3.2.8 Ábendingar og athugasemdir	27
3.3 Spurningalisti ferðamanna	27
3.3.1 Upplýsingar um þátttakendur	28
3.3.2 Svæðið, merking þess fyrir þátttakendur og afstaða gagnvart virkjun	30
3.3.3 Umferð um svæðið og afstaða til aukinnar þjónustu	34
3.3.4 Háspennulínur	35
3.3.5 Mikilvægi lítt snortins víðernis	37
3.3.6 Virkjunarmannvirki á svæðinu – áhrif á ferðamennsku og útivist.....	38
3.3.7 Áhrif virkjunarinnar á náttúrufars-, samfélags- og atvinnuþætti	40
3.3.8 Ábendingar og athugasemdir	40
3.4 Bifreiðatalningar	41
4 UMFJÖLLUN OG ÁLYKTANIR.....	43
4.1 Niðurstöður	43
4.1.1 Þátttakendur	43
4.1.2 Svæðið, merking þess og afstaða gagnvart virkjun	43
4.1.3 Umferð um svæðið og afstaða til aukinnar þjónustu	44
4.1.4 Háspennulínur	45
4.1.5 Mikilvægi lítt snortins víðernis	45
4.1.6 Virkjunarmannvirki á svæðinu – áhrif á ferðamennsku og útivist.....	46
4.1.7 Áhrif virkjunarinnar á náttúrufars-, samfélags- og atvinnuþætti	47

4.1.8	Ábendingar og athugasemdir	48
4.2	Samantekt	49
5	HEIMILDIR	1

VIÐAUKI 1 – SKÝRSLA UM BIFREIÐATALNINGU

VIÐAUKI 2 – VIÐTALSRAMMI SEM STUÐST VAR VIÐ Í VIÐTÖLUM VIÐ HAGSMUNAÆÐILA VEGNA FYRIRHUGAÐRAR VIRKJUNAR Í STÓRU LAXÁ

VIÐAUKI 3 – SPURNINGALISTI SEM LAGÐUR VAR FYRIR FERÐAMENN Á SVÆÐINU ÞAR SEM STÓRU-LAXÁRVIRKJUN ER FYRIRHUGUÐ

VIÐAUKI 4 – SKÝRINGAMYNDIR OG TEXTI SENDUR VIÐMÆLENDUM Í VIÐTALSKÖNNUN OG SÝNDUR ÞÁTTTAKENDUM Í SPURNINGAKÖNNUN

MYNDASKRÁ

Mynd 1	<i>Yfirlitsmynd yfir fyrirhugaða virkjun í Stóru Laxá. Bláar línur eiga við lónin sem mynduð yrðu og appelsínugulu um vegi.</i>	1
Mynd 2	<i>Yfirlitsmynd, horft yfir svæðið í áttina S-N.</i>	2
Mynd 3	<i>Horft yfir svæðið í A-V átt, Laxárgljúfur í forgrunni og Illaverslón fyrir aftan það.</i>	2
Mynd 4	<i>Yfirlitsmynd, horft í N-S stefnu, Helgaskáli, Stóru-Laxárveitulón og Stóru-Laxárveitustífla í forgrunni.</i>	3
Mynd 5	<i>Spyrlar voru aðallega staðsettir við gatnamót línuvegs og aðkomuvegs að bílastæðis ofan Laxárgljúfra.</i>	7
Mynd 6	<i>Þriðjungur viðmælenda eru konur og tveir þriðju karlar.</i>	14
Mynd 7	<i>Aldursdreifing viðmælenda.</i>	14
Mynd 8	<i>Afstaða viðmælenda í heildina tekið gagnvart virkjun í Stóru Laxá.</i>	15
Mynd 9	<i>Fullyrðingar hagsmunaaðila um aðgengi og umferð á svæðinu.</i>	17
Mynd 10	<i>Afstaða hagsmunaaðila til þjónustu á svæðinu – fyrri mynd.</i>	19
Mynd 11	<i>Afstaða hagsmunaaðila til þjónustu á svæðinu – seinni mynd.</i>	19
Mynd 12	<i>Afstaða hagsmunaaðila til háspennulína - fyrri mynd.</i>	20
Mynd 13	<i>Afstaða hagsmunaaðila til háspennulína - seinni mynd.</i>	20
Mynd 14	<i>Sultartangalínur, séð frá línuveginum. Mynd tekin í ágúst 2015.</i>	21
Mynd 15	<i>Sultartangalínur. Mynd tekin í ágúst 2015.</i>	21
Mynd 16	<i>Skoðun hagsmunaaðila á því hvort svæðið ætti að láta ósnert.</i>	22
Mynd 17	<i>Skoðun hagsmunaaðila á áhrifum virkjunarmannvirkja.</i>	24
Mynd 18	<i>Skoðun hagsmunaaðila á áhrifum virkjunar á útivist og ferðaþjónustu.</i>	25
Mynd 19	<i>Skoðun hagsmunaaðila á áhrifum virkjunar á upplifun ferðmanna.</i>	25
Mynd 20	<i>Þjóðerni þeirra sem svöruðu spurningalistunum í prósentuhlutfalli.</i>	28
Mynd 21	<i>Fleiri enskir spurningalistar voru notaðir en íslenskir.</i>	29
Mynd 22	<i>Ríflega helmingur þátttakenda í spurningakönnuninni voru karlar.</i>	29
Mynd 23	<i>Aldursdreifing þeirra sem svöruðu spurningalistunum.</i>	30
Mynd 24	<i>Menntun þeirra sem tóku þátt í spurningakönnuninni.</i>	30
Mynd 25	<i>Dvalarstaðir svarenda í spurningakönnuninni.</i>	31
Mynd 26	<i>Ferðafélagar svarenda í spurningakönnuninni.</i>	31
Mynd 27	<i>Ferðamáti svarenda í spurningakönnuninni.</i>	32
Mynd 28	<i>Ástæða ferða svarenda í spurningakönnuninni.</i>	32
Mynd 29	<i>Fjöldi svarenda sem hafa komið áður og þeirra sem ætla sér að koma aftur.</i>	33
Mynd 30	<i>Afstaða svarenda í spurningakönnuninni í heildina tekið gagnvart virkjun í Stóru Laxá í prósentum talið.</i>	33
Mynd 31	<i>Skoðanir þátttakenda í spurningakönnuninni á fullyrðingum um aðgengi og umferð á svæðinu.</i>	34
Mynd 32	<i>Afstaða þátttakenda í spurningakönnuninni til þjónustu á svæðinu - fyrri mynd.</i>	34
Mynd 33	<i>Afstaða þátttakenda í spurningakönnuninni til þjónustu á svæðinu - seinni mynd.</i>	35
Mynd 34	<i>Afstaða svarenda í spurningakönnuninni til háspennulína - fyrri mynd.</i>	36
Mynd 35	<i>Afstaða svarenda í spurningakönnuninni til háspennulína - seinni mynd.</i>	36
Mynd 36	<i>Spyrill við vinnu á línuveginum, við Sultartangalínur.</i>	37
Mynd 37	<i>Skoðun þátttakenda í spurningakönnuninni hvort svæðið ætti að láta ósnert.</i>	37

Mynd 38 <i>Skoðun þátttakenda í spurningakönnuninni á virkjunarmannvirkjum. Ferðalangarnir töldu líka almennt flestir að Stóru-Laxárvirkjun myndi hafa neikvæð áhrif á útivist eða ferðaþjónustu á svæðinu, eins og sjá má á mynd 39.</i>	38
Mynd 39 <i>Skoðun svarenda í spurningakönnuninni á áhrifum virkjunar á útivist og ferðaþjónustu.....</i>	38
Mynd 40 <i>Skoðun ferðalanga í spurningakönnuninni á áhrifum á eigin upplifun af svæðinu ef virkjun rís.....</i>	39
Mynd 41 <i>Erlendir ferðamenn á litlum bílaleigubíl að villast.....</i>	41

TÖFLUSKRÁ


Tafla 1 <i>Viðföng og undirviðföng fyrir mat á verðmæti ferðasvæða fyrir ferðamennsku og útivist (1 bls. 39).</i>	5
Tafla 2 <i>Veðurfar dagana sem spurningalistinn var lagður fyrir.</i>	8

1 INNGANGUR

Rannsóknir standa nú yfir á mögulegri virkjun í Stóru Laxá ofan Laxárgljúfra, en Orkustofnun veitti rannsóknarleyfi fyrir henni árið 2012. Árið 2015 var EFLA verkfræðistofa fengin til að afla upplýsinga um ferðamennsku á áhrifasvæði virkjunarinnar og áhrif hugsanlegrar virkjunar í Stóru Laxá á útivist og ferðamennsku á svæðinu ofan Laxárgljúfra. Upplýsingaöflunin fólst meðal annars í því að taka viðtöl við hagsmunaaðila á svæðinu og einnig var spurningalisti lagður fyrir ferðalanga á svæðinu sumarið 2015. Þá var bifreiðateljara komið fyrir á línuveginum nærri vegamótunum niður að bílastæðinu ofarlega í Laxárgljúfrum, en Rögnvaldur Ólafsson hjá Háskóla Íslands sá um þann hluta rannsóknarinnar í júlí og ágúst 2015 og er skýrsla hans með í viðhengi 1.

1.1 Fyrirhugað virkjun og landsvæðið ofan Laxárgljúfra

Til skoðunar er að virkja Leirá og Stóru Laxá ofan Laxárgljúfra, en virkjunarmannvirki eru áætluð bæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og í Hrunamannahreppi. Reiknað er með að Laxárgljúfur verði ósnortin, en að vatnsmagn um þau muni minnka. Vatni yrði hleypt framhjá virkjuninni til að tryggja laxgengd í gljúfrunum, en neðarlega í þeim eru efstu veiðistaðir árinna.



Mynd 1 Yfirlitsmynd yfir fyrirhugaða virkjun í Stóru Laxá. Bláar línur eiga við lónin sem mynduð yrðu og appelsínugulu um vegi.

Líkt og sjá má á myndum 1, 2, 3 og 4 yrðu fjögur misstór lón mynduð – Illaverslón sem yrði um 6,7 km², Stóru-Laxárveitulón um 0,25 km², Geldingaverslón um 4,6 km² og Leirárveitulón sem yrði um 1 km². Heildarlengd stíflanna yrði samtals um 2500 m og mesta hæð 18 m.



Mynd 2 Yfirlitsmynd, horft yfir svæðið í áttina S-N.



Mynd 3 Horft yfir svæðið í A-V átt, Laxárgljúfur í forgrunni og Illaverslón fyrir aftan það.

Vestan Illagils yrðu byggð jarðgöng eða þrýstipípa grafin í jörð og vatninu yrði veitt neðanjarðar niður að stöðvarhúsi við ármót Stóru Laxár og Skillandsár neðan við gljúfrin. Sultartangalínur 2 og 3 liggja nú þegar um svæðið og línuvegur meðfram þeim. Aðkoma að virkjanasvæðinu

yrði m.a. eftir línuveginum og frá Mástunguvegi (329) að stöðvarhúsi og neðri hluta virkjana-svæðisins. Tenging virkjunarinnar yrði líklega með jarðstreng að Flúðalínu eða beint í tengivirki við Búrfell.



Mynd 4 Yfirlitsmynd, horft í N-S stefnu, Helgaskáli, Stóru-Laxárveitulón og Stóru-Laxárveitustífla í forgrunni.

1.2 Núverandi notkun á landinu

Landsvæðið sem um er að ræða er ansi illfært, og er meðal annars notað til beitar fyrir fé og er hestum smalað þar á á haustin.

Hvað afþreyingarmöguleika varðar er línuvegurinn er notaður af ferðapjónustuaðilum sem skipuleggja hestaferðir um hann, og er þá víðernið oft það sem heillar. Einnig fer fólk í gönguferðir niður gljúfrin. Bæði er um skipulagðar hóp gönguferðir sem fólk greiðir fyrir að ræða, en einnig fer fólk á eigin vegum, og er þá fólki annað hvort skutlað upp að bílastæði nærri Heiðarvatni eða leggur bíl þar, gengur svo niður gljúfrin að öðrum bíl og sækir svo fyrri bílinn aftur í lok dags.

Veiðar eru stundaðar neðarlega í gljúfrunum og í manngerða vatninu Heiðarvatni sem liggur nærri línuvegi með Sultartangalínunum 2 og 3 og Helgaskála, og einstaka ferðalangur fer hjólandi á reiðhjólum um svæðið og er sú umferð að aukast með auknum ferðamannastraumi. Jafnframt notar fólk veginn fyrir jeppaferðir, gönguferðir, vélknúnað hjólaferðir, fyrir smalamennsku á haustin og einnig fara heimamenn um svæðið á vélsleðum þegar jörð er snævi þakin.

Hvað innviði varðar, er línuvegurinn sjálfur illfær öðrum farartækjum en jeppum og stærri bílum, en með nýjum vegi sem Landsvirkjun hefur látið leggja upp að Hallarmúla er hægt að komast þangað á fólksbíl, og hefur umferð um þann veg aukist undanfarið að sögn heimamanna. Gistingu er hægt að fá í skálum á svæðinu, þ.m.t. í Helgaskála og Hólaskógi. Fjalla-skálarnir á svæðinu eru margir ágætlega útbúnir, með vatnssalerni og sorpþjónustu og hægt

er að kaupa þar hey handa hestum. Veiðimenn gista í veiðihúsum á vegum veiðifélagins Lax-Á, en einnig er mikið er um gistingu neðar í byggð, á Flúðum, Geysi, Árnesi og víðar.

Hvað notkun landsins varðar, er svæðið afskekkt, en töluvert nálægt byggð – auðvelt er að fara í dagsferð á vel útbúnum bíl frá Reykjavík og upp að efstu svæðum gljúfranna, líkt og fjallað er um síðar í þessari skýrslu. Skipulögð ferðapjónusta sem boðið er upp á eru aðallega hestaferðir, veiði og gönguferðir niður gljúfrin.

Veður og færð stýrir því hvenær fólk fer um svæðið, og hefur reynslan sýnt að flestir koma á svæðið í júlí og ágúst. Hingað til hafa engar tölur verið til um fjölda ferðamanna á svæðinu ofan Laxárgljúfra, en þessi rannsókn sýndi að um það bil 300 bílar óku um svæði á 5 vikna tímabili í júlí og ágúst, sjá kafla 3.3. Af þeim ferðalöngum sem rætt var við í þessari rannsókn, voru mun fleiri í lengri ferð en dagsferð, eða 89%. Hvað tíðni endurkomu varðar, höfðu 36% komið áður á staðinn.

2 AÐFERÐAFRÆÐI

Í þessum kafla er að finna lýsingu á aðferðafræðinni sem beitt var við gerð viðtals- og spurningalistarannsóknanna, sem og á umgjörð rannsóknarinnar.

2.1 Matsaðferðir faghóps 2 í Rammaáætlun

Í öðrum áfanga Rammaáætlunar var faghópi 2 ætla að meta áhrif einstakra virkjunarkosta á ferðaþjónustu, útivist, landbúnað og hlunnindi (1). Metin voru 43 atriði, sem sjá má í töflu 2, sem er tekin úr skýrslu Rammaáætlunar frá árinu 2010.

Tafla 1 Viðföng og undirviðföng fyrir mat á verðmæti ferðasvæða fyrir ferðamennsku og útivist (1 bls. 39).

	Vogtölur	Undirviðföng (viðmið)
Upplifun	0,5	
<i>Eðlisrænir eiginleikar</i>	<i>0,2</i>	Viðerni - náttúrulegt - manngert umhverfi Stærð, heild Einstætt-fágætt-algengt á landsvísu Landslag
<i>Eðlisrænir eiginleikar</i>	<i>0,1</i>	Hverasvæði, jarðhiti, laugar Ummerki um eldvirkni, gígar, hraun Litir Gróðurfar Dýralíf Fjölbreytileiki, einsleitni Fjöll, jöklar Vatn, ár, fossar Gíl, gljúfur, gjár Er svæðið á náttúruminjaskrá?
<i>Hughrif</i>	<i>0,2</i>	Fegurð Stórbrotið Þolmörk ferðamanna Lotning, helgidómur, mynd
Afþreyingarmöguleikar	0,1	
		Áhorf Gönguferðir Hestaferðir Veiðar Berja, sveppa, fjallagrasatinsla Villiböð, baðlaugar Bátaferðir Hjólreiðar Jökla- snjóferðir Torfæruferðir Biltúr á fólksbíl Arfleið, saga Gestastofur
Innviðir	0,1	
<i>Aðgengi</i>	<i>0,05</i>	Innviðir fyrir ferðamenn Fólksbílavegur Jeppaleið
<i>Gisting</i>	<i>0,05</i>	Gisting á svæðinu Gisting í nágrenninu
Notkun	0,2	
<i>Notendur</i>	<i>0,1</i>	Fjöldi ferðamanna Ferðaþjónusta
<i>Notkunarmynstur</i>	<i>0,09</i>	Fjarlægð frá markaði Ferðamynstur
<i>Ferðahegðun</i>	<i>0,01</i>	Dvalarlengd Tíðni endurkomu
Framtíðarvirði	0,1	Framtíðarvirði

Í þessari aðferðafræði er svokallaðri AHP þrepagreiningu virkjunarmöguleika fylgt, þar sem faghópurinn lagð mat á núvirði ferðasvæða fyrir ferðamennsku og útivist, sem og á hvernig virðið myndi breytast kæmi til virkjunar og út frá því lagði hópurinn mat á heildarafleiðingar hvernir virkjunarhugmyndar. Síðan var, út frá þessum tölulegum gögnum, ályktað um innbyrðis röðun virkjunarmöguleikanna, og þær niðurstöður bornar saman við niðurstöður úr mati á hlunnindum og veiðum, og loks var lokaröðun virkjunarmöguleikanna ákvörðuð.

Þó aðferðafræði faghóps 2 í Rammaáætlun sé ekki fylgt í þessari skýrslu, er tæpt á fjölmörgum atriðum sem við eiga og hún höfð til hliðsjónar við vinnslu skýrslunnar.

2.2 Viðtalsrannsókn

Viðtalsrannsókn fór fram dagana 24. júní til 1. júlí 2015, og sá sami starfsmaður EFLU um að taka þau öll. Við val á viðmælendum var haft að leiðarljósi að finna fólk sem þekkir vel til á svæðinu og notar það undir ferðamennsku og/eða útivist. Viðmælendur voru valdir af starfsmönnum EFLU, bæði með yfirferð á fyrirliggjandi gögnum um ferðaþjónustuaðila og einnig voru viðmælendur fundnir eftir ábendingum þeirra er til þekktu innan sveitarfélaganna. Jafnframt var notast við snjóboltaaðferð meðan á viðtölunum stóð, með því að biðja þá sem rætt var við að benda á aðra sem féllu inn í skilgreininguna og ef fleiri en tveir bentu á sama aðilann, var haft samband við hann. Viðmælendum var heitið nafnleynd og höfðu starfsmenn EFLU einir aðgang að viðtölunum, sem eytt var að úrvinnslu lokinni. Þess var gætt að fulltrúar helstu hópa væru með í viðmælendahóp, þ.e. sveitarstjórnir beggja vegna ársinnar, talsmenn bænda og landeigenda, eigendur eða starfsfólk fyrirtækja sem nýta landið undir ferðamennsku og útivist í atvinnuskyni, og fulltrúar þeirra sem nýta landið til ferðamennsku eða útivistar í eigin frítíma og án þess að hagnast á þeim ferðum.

Viðtölin fóru þannig fram að fyrst var haft samband símleiðis við mögulega viðmælendur, könnunin kynnt fyrir þeim og samþykki fengið fyrir þátttöku. Þá voru upplýsingar um fyrirhugaða virkjun sendar í tölvupósti til þeirra sem samþykktu þátttöku, nema eins aðila sem ekki hafði aðgang að tölvu. Þessar upplýsingar voru í formi yfirlitsmynda og texta (sjá myndir 1, 2, 3 og 4 og viðauka 4) og jafnframt var viðtalsramminn sem stuðst var við sendur til þeirra (sjá viðauka 2). Fólk fékk tíma til að kynna sér gögnin áður en haft var aftur samband við það á fyrirfram ákveðnum tíma, símleiðis við suma en í eigin persónu við aðra eftir því hvað hentaði viðmælendum best.

Alls var haft samband við 24 aðila og eingöngu tveir afþökkuðu boð um þátttöku. Upplýsingar voru sendar á alla þá sem samþykktu þátttöku. Tveir höfðu þó ekki tök á að svara þegar haft var samband eftir að þeir fengu upplýsingarnar sendar og afþökkuðu þá frekari þátttöku, og tveir til viðbótar svöruðu hvorki í síma þegar hringt var til baka á umsömdum tíma né þegar reynt var síðar að hafa samband símleiðis. Viðtöl voru því tekin símleiðis eða í eigin persónu við 18 manns, þar af sex konur og 12 karla, og höfðu flestir búið árum saman á Suðurlandi. Allir nýta svæðið á einn eða annan hátt til útivistar eða ferðaþjónustu, eða hafa afskipti af því vegna atvinnu sinnar. Öll viðtölin fóru fram á íslensku.

Spurningarnar voru ýmist opnar eða lokaðar spurningar, þar sem svarendur er boðið að merkja við fleiri en einn svarmöguleika, og voru þátttakendur hvattir til að tala um lokuðu spurningarnar. Ef fólk vildi merkja við fleiri en einn svarmöguleika var gefinn kostur á því, en hlutfallið minnkað í samræmi. Sem dæmi er þátttakandi sem vildi svara bæði „sammála“ og „ósammála“ fullyrðingunni: "Virkjunarmannvirki og uppbygging í ferðaþjónustu á svæðinu fara vel saman" og var þá merkt 0,5 við hvorn svarmöguleika og viðkomandi hvattur til að útskýra af hverju hann var á þessari skoðun. Viðtölin voru afrituð orð fyrir orð og að þeirri vinnu lokinni, voru þau þemagreind og litakóðuð. Lokuðu spurningarnar voru settar upp í töflur og úr þeim unnin súlu- eða kökurit. Að lokum voru helstu niðurstöður teknar saman í þessa skýrslu.

Í lok viðtalanna var viðmælendum gefinn kostur á að bæta við hugleiðingum og ábendingum, og voru þau svör ýmist sett inn í kaflana sem við áttu eða tekin saman í sér kafla í lok gagnavinnslunnar.

Viðtalsrammann sem stuðst var við er að finna í viðauka 2.

2.3 Spurningalisti ferðamanna

Dagana 24. til 26. júlí og 6. til 8. ágúst 2015 fóru tveir starfsmenn EFLU upp að Stóru Laxá og lögðu spurningalista fyrir ferðamenn á ferð um svæðið í nágrenni fyrirhugaðrar virkjunar.

Spyrlarnir voru aðallega staðsettir við gatnamót línuvegarins og aðkomuslóðans er liggur að gönguleiðinni niður með vestanverðum Laxárgljúfrum, skammt frá manngerða veiðivatninu Heiðarvatni og Helgaskála (sjá mynd 5). Einnig fóru spylrar í Helgaskála og skildu eftir blöð og penna fyrir hópa sem bókaðir voru síðar um daginn, og sóttu listana svo daginn eftir, og einn eigandi hestaferðapjónustufyrirtækis tók átta lista fyrir sitt fólk og skilaði á skrifstofur EFLU í vikunni á eftir.



Mynd 5 Spylrar voru aðallega staðsettir við gatnamót línuvegs og aðkomuvegs að bílastæðis ofan Laxárgljúfra.

Allir sem áttu leið um línuveginn ofan Laxárgljúfra voru stöðvaðir og beðnir um að taka þátt í rannsókn um fyrirhugaða virkjun í Stóru Laxá, og var þeim öllum sýnd plöstuð eintök af skýringarmyndum og skýringartexti á ensku og íslensku (sjá viðauka 4). Aðallega var um að ræða erlenda ferðamenn og starfsfólk ferðapjónustufyrirtækja.

Í fyrri ferðinni fengust alls 47 svör á þremur dögum (sjá töflu 1) og í seinni ferðinni fengust 69 svör á þremur dögum, þar með talið listarnir átta sem ferðapjónustaðilinn tók með sér og skilaði til EFLU í vikunni á eftir, því þeir voru sóttir og dagsettir 9. ágúst. Samtals gerðu þetta 116 svör. Þó nokkrir í viðbót áttu leið hjá en ýmist töldu sig ekki tala nægilega góða ensku til að taka þátt, eða höfnuðu þátttöku af öðrum ástæðum. Einnig svöruðu fimm einstaklingar sem voru undir 18 ára aldri, en svör þeirra voru vinsuð úr og ekki tekin með í niðurstöðunum.

Helgarnar tvær sem valdar voru fyrir spurningakönnunina voru tvær af stærstu ferðahelgum sumarsins á þessu svæði. Þó má gera ráð fyrir að afar kalt vor hafi haft áhrif, því töluvert var enn í ánni Leirá og mikill skafli á línuveginum til austurs lokaði veginum fyrir bílaumferð.

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir veðurfar dagana sem spurningakönnunin var gerð, og svörun hvern dag. Áhugavert er að svörun er í samræmi við veðurfar, enda voru áberandi færri á ferð þá tvo daga sem veðrið var slæmt.

Tafla 2 Veðurfar dagana sem spurningalistinn var lagður fyrir.

Dagur	Veður	Svörun
Föstudagur 24. júlí 2015	Þungbúið og gekk yfir með skúrum, u.þ.b. 12°C hiti	18
Laugardagur 25. júlí 2015	Stíllt og lítil rigning, u.þ.b. 12°C hiti	24
Sunnudagur 26. júlí 2015	Kalt og mestmegnis skýjað. Mikil rigning seinni partinn, tæplega 10°C hiti	5
Föstudagur 7. ágúst 2015	Frekar stíllt, u.þ.b. 10°C hiti, kólnaði um kvöldið	29
Laugardagur 8. ágúst 2015	Afleitt veður, mjög hvasst og skúrir, u.þ.b. 11°C hiti	4
Sunnudagur 9. ágúst 2015	Frekar milt, vindur og u.þ.b. 10 °C hiti	36
Samtals		116

Eftir að söfnun svara var lokið voru spurningalistarnir slegnir inn í Excel skjal, og niðurstöðurnar settar upp í töflur, súlu- og kökurit. Að lokum var unnið úr niðurstöðunum fyrir þessa skýrslu.

Líkt og í lok viðtalanna, var þátttakendum í spurningalistunum boðið að bæta við hugleiðingum og ábendingum, og voru þau svör ýmist sett inn í viðeigandi kafla eða tekin saman í sér kafla í lok gagnavinnslnnar.

Spurningalistann sem lagður var fyrir ferðamenn á svæðinu er að finna í viðauka 3, bæði á íslensku og ensku, og skýringarmyndirnar og -textinn sem plastaður var er sýndur í viðauka 4. Myndirnar eru einnig að finna í þessari skýrslu, myndir 1, 2, 3 og 4 í kafla 1.

3 NIÐURSTÖÐUR

Í þessum kafla er að finna yfirlit yfir notkun svæðisins, og teknar eru saman helstu niðurstöður úr viðtalsrannsókninni annars vegar og spurningakönnuninni hins vegar.

3.1 Notkun svæðisins með tilliti til ferðapjónustu

Hér að neðan er notkun svæðisins greind með tilliti til ferðapjónustu og í þeirri greiningu er stuðst við viðfanga- og undirviðfanga-skilgreiningar faghóps 2 í Rammaáætlun. Ekki er þó unnið samkvæmt þeirra aðferðarfræði heldur er ætlast til að greining þessi geti nýst við AHP þreppgreiningu virkjunarmöguleikans. Stuðst er við niðurstöður úr viðtalskönnuninni og spurningalistunum, sem nánar er farið í í köflum 3.2 og 3.3, sem og niðurstöður úr skrifborðsrannsókn á svæðinu.

Landssvæðið sem um er að ræða er allt í eigu ríkisins en bændur hafa þar beitarrétt og fellur það undir Skeiða- og Gnúpverjahrepp annars vegar og Hrunamannahrepp hins vegar. Samkvæmt gögnum þjóðskrár, óbyggðanefndar og aðalskipulögum sveitarfélaganna er framkvæmdasvæðið alfarið inni á afréttum sveitarfélaganna og hefur allt verið úrskurðað þjóðlenda skv. úrskurðum 5/2000 og 6/2000. Svæðið er hluti af Hrunamannafrétt og Flóa- og Skeiðafrétt og er nýtt til beitar. Aðalskipulag gerir ekki ráð fyrir orkuvinnslu í Stóru-Laxá, svo breyta þyrfti aðalskipulaginu og færa inn orkuvinnslusvæði og nýja vegi. Lón, stíflur og veituskurðir yrðu staðsett innan hverfisverndarsvæða þar sem landnotkunarákvæði kveða m.a. á um að röskun gróðurlendis sé óæskileg og mannvirkjagerð skuli haldið í lágmarki og leiða til eins lítillar röskunar á umhverfi og lífríki og kostur er.

Mannvirki yrðu mestmengis í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, á óbyggðu svæði sem skilgreint er í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands sem almennt verndarsvæði, en þau eru svæði sem hafa alhliða verndargildi sem tekur til náttúruminja, þjóðminja og mikilvægustu lindarsvæða, og svæða með mikið útivistargildi, m.a. jaðarsvæði að byggð. Svæðið er merkt sem Skálda-búðaheiði og er verndað sem mikilvægt útistarsvæði ofan byggðar.

Laxárgljúfur, sem eru um 10 km löng og 100-200 m djúp, eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði vegna landslags með útivistargildi og vegna náttúrufegurðar. Ekki er gert ráð fyrir að hróflað yrði við Laxárgljúfrum, en vatnsmagn um þau myndi minnka með tilkomu virkjunar í Stóru Laxá.

Landsvæðið er afskekkt og töluvert illfært. Mannvirki á svæðinu eru Sultartangalínur 2 og 3, línuvegir og illfærir slóðar, reiðleiðir og tveir gangnamannaskálar og einnig er Heiðarvatn manngert. Á svæðið koma almennt fáir enda aðgengi erfitt. Mest er um hestamenn í skipulögðum ferðum og eitthvað er um einkabíla, einkum seinnipart sumars og gangnamenn fara um svæðið á haustin. Heiðarvatn er notað undir veiði, en fáir koma þangað, og göngumenn fara aðallega upp eða niður gljúfrin. Gera má því skóna að með bættum vegum myndi umferð aukast töluvert því auðvelt yrði þá að fara í dagsferðir frá höfuðborgarsvæðinu.

3.1.1 Afbreytingarmöguleikar

3.1.1.1 Áhorf

Ferðalangar á leið um svæðið fyrir ofan Laxárgljúfur eru aðallega að ferðast frá einum áfangastað til annars. Hestamenn eru á leið milli skála og akandi umferð fylgir línuveginum. Aðspurðir sögðu bæði hagsmunaaðilarnir og ferðalangarnir sem þátt tóku í spurningakönnuninni að víðernið og náttúran heilluðu, svo áhorf á svæðinu ofan gljúfranna tengist því að upplifa víðernið á heiðinni.

3.1.1.2 Gönguferðir

Aðkoma að gljúfrunum er um akvegi að báðum endum gljúfursins, og þekkt gönguleið er meðfram gljúfrunum. Ekki er vitað hversu mikið leiðin er farin, en Hrunamannahreppur býður upp á gönguferðir niður gljúfrin einu sinni á sumri og eins hafa gönguklúbbar og ferðafélög skipulagt ferðir upp eða niður þau, en þær ferðir eru ekki algengar. Flestir fara væntanlega á eigin vegum meðfram gljúfrunum, en ekki er vitað um hversu marga göngumenn er að ræða. Er þá fólki annað hvort skutlað upp að bílastæði nærri Heiðarvatni eða leggur bíl þar, gengur svo niður gljúfrin að öðrum bíl og sækir svo fyrri bílinn aftur í lok dags.

Lítið er um að fólk gangi línuveginum eða annars staðar um svæðið, enda þvera ár veginn sem erfitt er að komast yfir nema á þar til útbúnum jeppa.

3.1.1.3 Hestaferðir

Ferðapjónustuaðilar skipuleggja hestaferðir um svæðið, bæði eftir skilgreindum reiðleiðum og eftir línuveginum. Vestan við gljúfrin er reiðleið í nokkurri fjarlægð frá gljúfrinu, og fara hestaferðamenskubændur neðan úr sveit þar upp með sína viðskiptavini, en einnig skipuleggja aðrir ferðapjónustuaðilar ferðir um svæðið sem breytast oft ár frá ári. Sem dæmi hafa ferðapjónustuaðilar farið með ferðamenn allt úr Borgarfirði og austur í Þjórsárdal, úr Hrunamannahreppi og inn í Þjórsárdal, eða frá Geldingafelli og norður í Leppistungur, en oftast virðist fólk fara frá Laxárdal og upp með gljúfrunum og þá jafnvel áfram meðfram línuveginum. Þessi leið er oft valin vegna Helgaskála, sem býður upp á gistingu fyrir hestamenn og hægt er að kaupa hey þar.

Ekki er ljóst hversu margir fara um svæðið, einn ferðapjónustuaðilinn sem rætt var við hefur farið árum saman um svæðið og mat það sem svo að hann færi með á milli 20 og 60 ferðamenn á hestbaki á sumri, en annar fór í fyrsta sinn árið 2014 og þá með 50 ferðamenn samtals. Annar ferðapjónustuaðili sem haft var samband við en vildi ekki taka þátt hafði farið með hóp um svæðið fyrir nokkrum árum síðan, en svo leitað á aðrar slóðir. Einnig fara hestamenn um svæðið á eigin vegum. Engar upplýsingar eru til um fjölda þeirra en ólíklegt verður að teljast að um stóran hóp manna eða hesta sé að ræða.

3.1.1.4 Veiðar

Veiðar eru stundaðar neðarlega í gljúfrunum og í Heiðarvatni sem liggur nærri Helgaskála og línuveginum meðfram Sultartangalínunum. Samkvæmt upplýsingum frá viðmælendum, eru ekki margir sem veiða í Heiðarvatni. Vatnið, sem er manngert, tilheyrir veiðifélaginu Björnúlfi sem ekki hefur neina tilvist á internetinu, svo erfitt getur reynst fyrir fólk að fá aðgengi að vatninu nema það þekki til í félaginu.

Veiðar neðar í ánni eru á vegum Stangveiðifélagsins Lax-á, og er þar veiddur lax á stöng. Samkvæmt Lax-Á, sem leigir veiðiréttinn af veiðifélagi Stóru-Laxár, er áin laxgeng inn í Laxárgljúfur. Ánni er skipt í fjögur veiðisvæði með alls 10 stangir. Aðeins eru leyfðar veiðar á flugu og settur hefur verið kvóti upp á einn lax á stöng á dag á svæði 1 og 2. Veiðimenn mega halda áfram veiðum eftir að kvóta hefur verið náð en öllum laxi umfram einn skal sleppt. Kvótinn nær aðeins til smálaxa en öllum laxi yfir 70 cm skal sleppt. Veiði í ánni sl. ár hefur verið töluverð en áin hefur verið eina af 45 aflahæstu ám landsins síðustu ár (2).

3.1.1.5 Berja-, sveppa- og fjallagrasatínsla

Að sögn heimamanna fer fólk upp með línuveginum í leit að berjum á haustin, en aðallega eru ber týnd neðar í sveitinni. Enginn minntist á að fara á svæðið í leit að sveppum eða fjallagrösum.

3.1.1.6 Villiböð, baðlaugar

Engin villiböð eða baðlaugar eru á svæðinu.

3.1.1.7 Bataferðir

Engar þekktar bataferðir eru á svæðinu. Þó væri hugsanlega hægt að fara með lítinn bát út á Heiðarvatn.

3.1.1.8 Hjólreiðar

Að sögn viðmælenda og þátttakenda í spurningakönnuninni fer einstaka ferðalangur hjólandi á reiðhjóli um svæðið og er sú umferð að aukast með auknum ferðamannastraumi. Þó er erfitt að þvera árnar með hjólin, svo væntanlega takmarkast sú umferð við línuveginn, veginn upp að Hallarmúla og aðra vegarslóða, nema hjólreiðamenn geti fengið aðstoð frá öðrum ferðalöngum á jeppum.

Ekki er vitað hversu margir fara á hjólum um svæðið og ekki urðu spyrjar varir við neina hjólreiðamenn þá daga sem þeir voru á svæðinu.

3.1.1.9 Jökla-, snjóferðir

Enginn jökull er á svæðinu, en að sögn viðmælenda fara heimamenn um svæðið á vélsleðum á veturna eftir að snjóa tekur að ráði á heiðina. Ekki er um margar eða skipulagðar ferðir að ræða. Tilgangurinn virðist aðallega vera til skemmtunar.

3.1.1.10 Torfæruferðir

Hvað innviði varðar, er línuvegurinn sjálfur illfær öðrum farartækjum en jeppum og stærri bílum, en með nýjum vegi sem Landsvirkjun hefur látið leggja upp að Hallarmúla er hægt að komast þangað á fólksbíl. Veður og færð takmarka umferð, og má gera því skóna að fólk ferðist aðallega um þetta svæði í júlí og ágúst. Á fimm vikna tímabili í júlí og ágúst 2015 sem bifreiðumferð var talin á línuveginum á : N:64°19,051 og V:19°59,027, fóru tæplega 300 bílar um svæðið og er gert ráð fyrir að tæplega 800 manns hafi verið í þeim bílum (sjá kafla 3.4). Varast ber þó að heimfæra þá tölu upp á allt árið, því línuvegurinn er lokaður stóran hluta ársins nema allra færustu fjallamönnum á þar til gerðum farartækjum.

3.1.1.11 Bíltúr á fólksbíl

Nýr vegur Landsvirkjunar upp að Hallarmúla hefur gert fólksbílum fært að aka upp að Hallarmúla, en ekki eru til tölur um fjölda bíla þar. Gera má ráð fyrir að með nýjum vegum aukist umferð um svæðið.

Einstaka ferðamaður á litlum fólksbílum, aðallega útlendingar sem reiddu sig á rafræn vegakort, villtust inn á línuveginn meðan spyrjar voru að störfum, en snéru við þegar þeir áttuðu sig á mistökunum.

3.1.1.12 Arfleifð, saga

Ekki hafa fundist aðrar þjóðminjar á fyrirhuguðu virkjanasvæði en nokkrar vörður.

3.1.1.13 Gestastofur

Engar gestastofur eru á svæðinu.

3.1.1.14 Annað

Ekki er gert ráð fyrir smalamennsku í AHP kerfinu, enda fellur hún væntanlega frekar undir atvinnu en afþreyingu, en bæði línuvegurinn og svæðið allt er notað undir smalamennsku á haustin, því svæðið er afréttur sem notaður er til beitar sumarlangt.

3.1.2 Innviðir

3.1.2.1 Aðgengi

Innviðir fyrir ferðamenn: Innviðir á borð við vatnssalerni eru til staðar í Helgaskála og Hólaskógi. Merkingar eru fyrir göngufólk við bílastæði efst í Laxárgljúfrum, skammt frá Heiðarvatni, og að sögn sveitarstjórnar Hrunamannahrepps eru fleiri skilti á svæðinu. Göngustígur er niður með gljúfrunum og einnig eru skilgreindar reiðleiðir og línuvegur meðfram Sultartangalínunum.

Fólksbílavegur: Sjá umfjöllun í kafla 3.1.1 um bíltúr á fólksbíl.

Jeppaleið: Sjá umfjöllun um torfæruferðir í kafla 3.1.1

3.1.2.2 Gisting

Gisting á svæðinu: Gistingu er hægt að fá í skálum á svæðinu, þ.m.t. í Helgaskála, Hallarmúla og Hólaskógi, en þeir tveir fyrrnefndu eru gangnamannahús eða fjallasel í eigu sveitarfélaganna. Fjallaskálarnir á svæðinu eru margir ágætlega útbúnir, með vatnssalerni og sorppjónustu og hægt er að kaupa þar hey handa hestum. Veiðimenn gista í veiðihúsum á vegum veiðifélagsins Lax-Á, en einnig er mikið um gistingu neðar í byggð, á Flúðum, Geysi, Árnesi og víðar. Misjafnt var hversu mikið fjallaskálarnir eru nýttir, eftir því hvar þeir eru og hversu aðgengilegir þeir eru. Viðmælendur sögðu þá vera nýttu allt frá 40% á sumri (júní, júlí og ágúst) og upp í 80%, en á vetur er aðallega helgarleiga á þeim skálum sem opnir eru og þá oftast til fólks í jeppaferðum.

Gisting í nágrenninu: Mikið er um gistingu neðar í sveitinni sem opin er allt árið, bæði í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

3.1.3 Notkun

3.1.3.1 Notendur

Fjöldi ferðamanna: Líkt og fram kom hér að ofan og farið er betur í í kafla 3.4, fóru tæplega 300 bílar um svæðið á fimm vikna tímabili í júlí og ágúst 2015, og er gert ráð fyrir að tæplega 800 manns hafi verið í þeim bílum. Línuvegurinn er lokaður stóran hluta ársins nema allra færustu fjallamönnum á þar til gerðum farartækjum, svo gera má ráð fyrir að við bestu aðstæður fari álika fjöldi bíla um svæðið hluta júnímánaðar, júlí, ágúst og september, en mun færri aðra mánuði ársins.

Ekki er ljóst hversu margir hestamannahópar fara um svæðið, en nokkrir ferðapjónustuaðilar fara með með litla hópa um svæðið á sumrin (einn nefndi 20 manns samtals á ári, annar 60), en fæstir ferðapjónustuaðilarnir sem haft var samband við hafa farið reglulega um svæðið í nokkur ár, ef frá eru taldir heimamenn sem ríða upp eða niður gljúfrin.

Miðað við fjölda hestamanna, göngufólks og farþega í bílum meðan rannsókn stóð yfir, er ekki líklegt að fleiri en 10.000 manns komi á svæðið á ári.

Ferðapjónusta: Svæðið getur ekki talist mjög mikilvægt fyrir fyrirtæki í ferðapjónustu, vegna þess hve fáir nýta sér það. Aðallega eru gljúfrin mikilvæg fyrir hestaferðaaðila í nærsveitunum.

3.1.3.2 Notkunarmynstur

Fjarlægð frá markaði: Markaður er skilgreindur í samantekt Rammaáætlunarfaghóps 2 sem staður þar sem margir búa eða þar sem margir ferðamenn koma (1). Svæðið ofan Laxárgljúfra

er ekki svæði þar sem margir ferðamenn koma, og þó það sé ekki langt frá byggð, er svæðið illfært og erfitt að komast þangað. Með betri veg mun það þó teljast nálægt markaði.

Ferðamynstur: Ef margar ferðaleiðir liggja um ákveðið svæði og eru hluti af ferðamynstri fólks fær það hærrí einkunn samkvæmt AHP kerfinu, en ef ferðaleið er mjög fáfarin, fær svæðið lægri einkunn. Fáar ferðaleiðir liggja um svæðið ofan Laxárglúfra og ferðaleiðin getur ekki talist mjög fjölfarin.

3.1.3.3 Ferðahegðun

Dvalarlengd: Fæstir dvelja lengi á svæðinu, heldur gista eina nótt á leið þeirra eitthvert annað eða koma í dagsferðir.

Tíðni endurkomu: Af þeim ferðalöngum sem rætt var við í þessari rannsókn (spurninga-könnuninni), voru mun fleiri í lengri ferð en dagsferð, eða 89%. Hvað tíðni endurkomu varðar, höfðu 36% komið áður á staðinn, en hluti þeirra voru heimamenn eða voru að vinna (sem dæmi, trússbílstjórar). Aðspurðir sögðust 67% ætla sér að koma aftur á svæðið.

3.1.4 Framtíðarvirði

Samkvæmt AHP kerfinu eru svæði sem eru mjög mikils virði til framtíðar og/eða bjóða upp á mjög mikla möguleika til handa ferðamennsku og útivist fá háa einkunn, en þeir staðir sem þykja síður áhugaverðir og ekki fyrirsjáanlegt að verði nýttir til útivistar eða ferðaþjónustu í náinni framtíð fá lægri einkunn (1). Ekki var ráðist í að meta framtíðarvirði svæðisins í þessari rannsókn, en líklegt má telja að það fengi ekki mjög háa tölu samkvæmt AHP kerfinu.

3.2 Viðtalsrannsókn

Allir þeir 18 sem tóku þátt í viðtalsrannsókninni voru hagsmunaaðilar, fólk sem á einn eða annan hátt hefur með landsvæðið að gera, hvort sem er í gegnum vinnu sína, sjálfböðastörf eða áhugamál. Viðtölin voru mislöng, allt frá um 10 mínútum og upp í 40 mínútur, en símtölin fyrir viðtalið, þar sem fyrirhuguð virkjun og rannsókn þessi voru kynntar fyrir viðmælendum, voru hvorki tekin upp né skráð. Fullum trúnaði var heitið og viðtölin voru nafnlaus. Þar af leiðandi er rætt um alla viðmælendur í karlkyni í þessari skýrslu (þar sem orðið „viðmælandi“ er karlkyns), þó þriðjungur hafi verið konur.


3.2.1 Upplýsingar um viðmælendur

Allir viðmælendur voru annað hvort íslenskir eða hafa búið í áratugi á Íslandi. Allir höfðu jafnframt einhver not eða afskipti af svæðinu, annað hvort í gegnum persónulega upplifun eða í gegnum starf sitt. Þrír viðmælendur höfðu með ferðalög áhugamanna að gera, sjö voru í forsvari fyrir skipulagða ferðaþjónustu af einhverjum toga, fjórir voru starfsmenn eða fulltrúar sveitarfélaganna, og fjórir voru landeigendur eða komu að svæðinu fyrir hönd landeigenda.



Mynd 6 Þriðjungur viðmælenda eru konur og tveir þriðju karlar.

Af viðmælendum 18 voru sex konur og 12 karlar (sjá mynd 6). Ein kona sem haft var samband við það um að viðtalið yrði frekar tekið við karlkyns samstarfsaðila sinn, sem samþykkti þátttöku.



Mynd 7 Aldursdreifing viðmælenda.

Aldur viðmælenda dreifðist töluvert, en sá yngsti var 22 ára og sá elsti var kominn yfir sjötugt. Mynd 7 sýnir aldersdreifinguna, og sést þar að helmingur viðmælenda voru á aldrinum 50-67 ára, eða 9 manns. Tveir þeirra, eða 11%, voru á aldrinum 18-30, sex manns eða 33% á aldrinum 31-50 ára og einn viðmælandi, 6%, var 67 ára eða eldri.

3.2.2 Svæðið, merking þess fyrir viðmælendur og afstaða gagnvart virkjun

Stór hluti svæðisins sem virkjunin er áætluð á er afréttur Hrunamanna og er um 8000-9000 fjár beitt á hann yfir sumarið. Nær allir viðmælendur minntust á að svæðið væri smalað á haustin, ýmist á hestum eða gangandi. Aðspurðir um umferð um svæðið í heild sinni, tiltóku allir viðmælendur að fólk færi akandi um svæðið eftir þeim vegum og vegarslóðum sem eru til staðar og þá aðallega á þar til gerðum jeppum. Eins töluðu allir um að hestahópar færu upp og niður gljúfrin beggja megin og að þar væru mestmegnis útlendingar á ferð í skipulögðum ferðum. Allir minntust líka á göngufólk meðfram gljúfrunum, aðallega vestanmegin, og sumir nefndu að sveitarfélagið hefur staðið fyrir skipulögðum gönguferðum um gljúfrin einu sinni á ári undanfarin ár og hafa þá björgunarsveitarmenn séð um að ferja göngufólkið upp að gljúfrunum.

Margir nefndu að veiðimenn væri að finna neðarlega í gljúfrunum að sumarlagi. Veiðimenn geta skipt hundruðum á ári hverju í Stóru Laxá en fara lítið út fyrir veiðisvæðin og vilja lítið af

öðru fólki vita. Sumir ræddu um vélsleða- og jeppaumferð á veturna og vaxandi reiðhjóla-umferð og einn minntist á gönguskíðafólk. Örfáir minntust á að yfirstandandi rannsóknarvinna vegna fyrirhugaðrar virkjunar hefði aukið umferð svolítið, þar sem sérfræðingar og tæknimenn færu nú um svæðið til viðbótar við heimamenn og ferðalanga. Viðmælendur voru sammála um að umfram ofangreint væri ekki mikil umferð um svæðið, væntanlega þar sem það er bæði afskekkt og illfært yfirferðar.


Einna helst er farið um svæðið á sumrin og haustin, sem og þegar snjór þekur landið á veturna. Aðdráttaraflíð er aðallega Laxárgljúfrin, óbyggðin, víðernið og lítt snortin náttúra. Nokkrir nefndu líka Hrunakrók og Fögrutorfu. Einn sagði: „*víðáttan og útsýnið, þetta er bara einstakt svæði. Eins og er víða á Íslandi á afréttum.*“ Annar sagði aðdráttaraflíð felast í að njóta náttúrunnar í samvistum við hesta, meðan sá þriðji sagðist nota þetta landsvæði eingöngu til yfirferðar frá einum áfangastað til annars þar sem lítið væri þarna fyrir sig að sækja.

Nokkrir minntust á að lítið væri farið um gljúfrin austan megin því erfiðara er að komast að þeim þar og iðulega þarf að fara út á ystu nöf til að skoða þau, sem er auðvitað hættulegt, eins og einn viðmælandi benti á. Hann bætti við að þó væri töluvert um hestaferðir austan við gljúfrin, og eitthvað um vélknúin farartæki, sem færu þó lítið út af vegarslóðunum, „*því að það er enginn grundvöllur fyrir því óháð hvað það fer illa með land*“. Margir nefndu veginn að Hallarmúla sem Landsvirkjun hefur látið leggja, sem hefur gert þá leið mun greiðfærari og sögðu að þar með hafi umferð um hann aukist. Tveir ræddu um að hugmyndir væru uppi um að stíka fleiri gönguleiðir og tengja Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Hrunamannahrepp saman og jafnvel yfir í Bláskógabyggð með vel merktri gönguleið sem gæti byrjað í Þjórsárdal og endað í Bláskógabyggð, í anda Laugarvegsins í Landmannahreppi.

Ekki vildu margir viðmælendur í hagsmunaaðilakönnuninni kannast við að svæðið hefði mikla persónulega merkingu fyrir sér, en þó tóku margir undir að það „*kæmi við mann persónulega að sjá eftir einhverju svæði í Stóru-Laxárvirkjun,*“ eins og einn sem hefur oft smalað svæðið orðaði það. Allir sem einn nefndu Laxárgljúfur sem afar sérstæðan stað sem ekki mætti hrófla við.

Einn sagði svæðið mikilvægt því hann nýtir gljúfrin til markaðssetningar á ferðaþjónustufyrirtæki sínu, og annar sagði að nálægð gljúfranna við byggð væri mikilvægur kostur. Þriðji ferðaþjónustuaðlinn tók fram að óbyggðin heillaði þá sem sækja landið heim, enda væri hún ástæða þeirrar ferðaþjónustu sem þarna er.

Viðmælendur skiptust í hópa þegar kom að skoðunum gagnvart því að virkjun verði reist í Stóru Laxá, líkt og sjá má á mynd 8. Sjö þeirra voru sammála fullyrðingunni „Ég er í heildina tekið jákvæð/ur gagnvart virkjun í Stóru Laxá ofan Laxárgljúfra“, þrír voru hlutlausir, sex ósammála og tveir vildu ekki taka afstöðu.



Mynd 8 Afstaða viðmælanda í heildina tekið gagnvart virkjun í Stóru Laxá.

Þeir sem voru fylgjandi virkjuninni nefndu ástæður eins og að „auðvitað væri gaman ef fleiri ferðamenn hefðu tök á að sjá þetta svæði, til dæmis eins og til að labba Laxárgljúfur“ og annar tiltók að hann væri almennt fylgjandi virkjunum:

„Ég læt þessar virkjanir um allt hálendið ekkert fara í taugarnar á mér. Mér finnst þær yfirleitt bara falleg mannvirki og einhvers staðar verður fólk að fá rafmagn. Og tel ég það miklu jákvæðari kosti í stöðunni að opna hálendið fyrir fleiri mannvirki.“

Einn viðmælandi sagðist ekki geta tekið afstöðu því hann þyrfti að sjá niðurstöður fleiri rannsóknna áður en hann gæti sagst vera með eða á móti virkjun í Stóru Laxá, og annar sagði ferlið ekki komið nægilega langt til að hann gæti tekið afstöðu.

Aðrir voru meira efins um ágæti virkjunar og benti einn á að þó virkjun bæti aðgengi svo venjulegir ferðamenn komist um svæðið og hafi þar með aðgang að fjölbreyttari landsvæðum á landsvísu, þá myndi virkjun sem þessi óneitanlega valda úlfúð meðal þeirra sem eru andvígir virkjunum á hálendinu. Annar sagði:

„Fyrir það fyrsta er ég nú alltaf hlynntur framkvæmdum og ég tala nú ekki um ef það á að nýta náttúruna í eitthvað sem getur bætt lífskjör. En að sjálfsögðu setur maður alltaf ákveðið spurningamerki við það hvort staðið sé þannig að verki að ekki sé gengið á náttúruna umfram það sem eðlilegt getur talist eða ásættanlegt getur verið.“

og bætti svo við að þar sem þetta tiltekna svæði hafi alltaf verið ákveðin endastöð gæti bætt aðgengi á því orðið til að styrkja bæði atvinnu- og búsetumöguleika. Sá þriðji sagði:

„Þetta togast á í mér að hafa bætt aðgengi og betri aðkomu og svo hins vegar að vera allt í einu kominn með virkjun þar sem nú er ósnert náttúra. Það bara togast á.“

Sumir þeirra sex sem voru alfarið á móti virkjanahugmyndinni sögðust vera á móti virkjunum og öllum framkvæmdum á hálendinu nema þegar gera þarf endurbætur á því sem fyrir er, og aðrir nefndu veiðina sem ástæðu þess að þeir voru á móti virkjun:

„Svæðið við Stóru-Laxá sem veiðiá er einstakt algjörlega.... Það er eitthvað við þessa á sem menn dragast að, það er eitthvað við þetta. Þetta er alls ekki á sem skilar þér mestri veiði á Íslandi en það er eitthvað við hana, veiðistaðirnir og hvernig hún er gerð. Þú finnur þetta hvergi annars staðar, gljúfrin og náttúruna.“


sagði hann og bætti við að alls ekki mætti eyðileggja þá upplifun sem veiðimenn njóta þegar þeir veiða neðarlega í Laxárgljúfrum.

3.2.3 Umferð um svæðið og afstaða til aukinnar þjónustu

Nær allir viðmælendur töldu umferð um svæðið hafa aukist á undanförunum árum, og inntir eftir ástæðu nefndu þeir iðulega aukinn ferðamannastraum til landsins sem og að fólk væri að sækja inn á nýja staði, og að línuvegurinn leyfir fólki að fara um þetta svæði. Hvað erlenda ferðamenn varðar sammæltust viðmælendur um að aukinn fjöldi ferðamanna til landsins valdi því að þeir sækja frekar inn á hálendið þar sem þeir komast, til dæmis fyrir ofan Stóru Laxá, sem auk þess er frekar nálægt höfuðborgarsvæðinu svo auðvelt er að fara í dagsferðir um svæðið. Einn viðmælandi benti á að fólk kæmi á svæðið því náttúran ofan Laxárgljúfra er lítt snortin og bætti við að þessi aukning á ferðamönnum væri ekki endilega af hinu góða:

„Akandi umferð hefur aukist gríðarlega og með þessum erlendu ferðamönnum sem halda að Yaris og Kia komist allt, þá er maður að sjá þá alveg upp um allt.“

Það er svolítið magnað. ... Þeir sjá á kortum að þarna er merkt slóð sem er línuvegurinn, til dæmis frá Hólaskógi og yfir í Laxárgljúfur eða inní Helgaskála. Og ég get sagt þér að bara í vetur fór hjálparsveitin nánast í hverri einustu viku að sækja fólk sem var fast við af því að það ætlaði að drífa sig að fara línuveginn. Útlendingar nota bene, útlendingar.“



Mynd 9 Fullyrðingar hagsmunaaðila um aðgengi og umferð á svæðinu.

Hvað íslensku ferðamennina varðar ræddu nokkrir um að Íslendingar fara frekar út núna en áður fyrr:

„Á síðustu árum hefur komið miklu meiri gönguferðamennning hjá Íslendingum. Nú er fullt af fólki sem gengur upp á há fjöll eins og Hvannadalshnjúk, svo það er bara viðhorfsbreyting í þjóðfélaginu. Fólk fer ekki lengur í World Class heldur fer það í göngutúr úti.“

Eins og sést á mynd 9 voru allir hagsmunaaðilarnir sammála um að hanna þyrfti vegakerfið á svæðinu með hagsmuni ferðabjónustu og útivistar að leiðarljósi, og einn bætti við að fyrst og fremst ætti að skipuleggja vegakerfið með hagsmuni íbúanna að leiðarljósi sem gæti jafnframt fallið vel að þörfum ferðabjónustu. Annar sagði að líklega yrðu hagsmunir bæði virkjunar og ferðabjónustu að vinna saman þegar kemur að hönnun vegakerfis á svæðinu. Flestir voru sammála því að bætt vegakerfi á svæðinu vegna virkjunarframkvæmda myndi auka líkurnar á að fólk kæmi á svæðið. Hins vegar voru skoðanir meira skiptar þegar kom að því að taka afstöðu til þess hvort aukin umferð um svæðið væri til bóta. Einna helst var fólk á móti því að umferð vélknúinna farartækja færi vaxandi, en nokkrir bentu á að ef ökumennirnir halda farartækjunum á vegum eða vegarslóðum þá væri aukning í þeirri umferð til bóta, og einn sagði ekki rétt að setja öll vélknúin ökutæki innan sömu fullyrðingar, því mikill munur væri til dæmis á litlu sérútbúnu vélhjóli og stórum jeppa.

Nokkrir nefndu að stýra þyrfti aukinni umferð hestamanna og að hestarnir yrðu að fara eftir þar til gerðum götum í einni röð, því hófar hestanna fara illa með jarðveginn á svæðinu ef þeir eru látnir fara í stórum hópum frekar en í einni lest. Þar af leiðandi þyrfti að merkja hestagötur betur. Einn benti á að fleiri hestamenn á svæðinu væri til bóta ef hugsað er til atvinnu.

Ellefu manns töldu að aukin umferð göngufólks á svæðinu yrði til bóta, en fimm voru ósammála og tveir hlutlausir. Einn þeirra sem var ósammála sagði að þó fleiri myndu vissulega upplifa náttúruna á svæðinu ef umferð göngufólks færi vaxandi, þá væri hann ekki sannfærður um að „*mergð manna sé nokkurs staðar til bóta í sjálfu sér.*“

Hvað aðgengi varðar skiptust hagsmunaaðilarnir í tvo hópa. Annars vegar voru þeir sáttnir við núverandi aðkomu sem nýta svæðið undir gönguferðir, veiði, hestaferðir og vél- og fjórhjól, eða eins og einn sagði: „*Aðkoman er hæfilega erfið. Við viljum ekki endilega hafa hlutina of aðgengilega.*“

Hins vegar voru þeir sem þjónusta svæðið eða ferðast mikið akandi um það, sem fannst aðkoman afleit: „*Vegakerfið er náttúrulega glatað, það er alveg handónýtt.*“ Aðrir sögðu að vegasambandið þyrfti að bæta sér í lagi vegna aukinnar umferðar útlendinga, sem stundum stofna sér og öðrum í hættu vegna kunnáttuleysis, og fólk í Hrunamannahreppi talaði um að bæta þyrfti aðgengi þeim megin, því nýr vegur að Hallarmúla sem Landsvirkjun hefur látið leggja bætir aðgengi til muna austan Stóru Laxár þeim megin:

„*Ég er ennþá á því að þetta geti bara eflt og bætt þjónustu að fá vegagerð þarna upp eftir. Þá er bara að gera þetta beggja megin, ekki bara Gnúpverjarnir sem eru með þarna Þjórásana og allt þarna upp eftir. Við viljum eitthvað fyrir okkar snúð líka.*“

Einn vildi fá merktar akleiðir fyrir vélhjól og fjórhjól, en ekki fyrir bíla.

„*Vélhjólin eru ekki samgöngutæki heldur frekar eins og gönguskór göngumannsins og hestur hestamannsins. Það væri kostur fyrir okkur ef það væru slóðar sem hægt væri að fara eftir og njóta náttúrunnar. Við erum í miklu meiri tengslum við náttúruna heldur en fólk sem situr inni í bíl. Betri slóðar sem snúast um upplifun en ekki að búa til góðan veg frá A til B. Því betur sem hann fellur inn í náttúruna því betra og því minna rask því betra,*“


sagði hann.

Eins og sést á mynd 10, vildu fæstir viðmælenda fá þjónustu á svæðið, en við nánari eftirgrennslan töldu flestir að til bóta væri að fá betri vegi, upplýsingaskilti og merkta göngustíga, líkt og fram kemur á mynd 11. Einnig nefndu sumir að salernisaðstaða gæti bætt umgengni ferðamanna.



Mynd 10 Afstaða hagsmunaaðila til þjónustu á svæðinu – fyrri mynd.

Enginn merkti við svarmöguleikann „vil ekki svara“ svo hann var tekinn út í kökuritinu á mynd 10.




Mynd 11 Afstaða hagsmunaaðila til þjónustu á svæðinu – seinni mynd.


Frekari þjónusta umfram betri vegi, upplýsingaskilti og merkta göngustíga var almennt illa séð, enda sáu viðmælendur ekki fyrir sér að svæðið yrði þéttsetið ferðamönnum þó aðkoma batnaði. Einn nefndi að hugsanlega væri til bóta að setja rafmagn í Helgaskála og annar vildi fá betri hestagirðingar.

3.2.4 Háspennulínur

Nær allir höfðu tekið eftir háspennulínunum, eins og fram kemur á mynd 12, enda liggur línuvegurinn meðfram Sultartangalínunum. „Þau eru náttúrulega við línuveginn, og eru engin smá kennileiti,“ sagði einn viðmælenda kíminn, og annar bætti við: „Þetta náttúrulega blasir við. Háspennulína frá Búrfelli og vestur í Borgarfjörð.“ Þriðji nefndi að þær væru sérlega áberandi þegar snjór hylur landið og sá fjórði sagði að þar sem svo víðsýnt væri á Íslandi, þá sæjust mannvirki á borð við háspennulínur mun lengra að en almennt gerist í öðrum löndum þar sem skógar vaxa.



Mynd 12 Afstaða hagsmunaaðila til háspennulína - fyrri mynd.



Mynd 13 Afstaða hagsmunaaðila til háspennulína - seinni mynd.

Þó trufluðu þær 67% svarenda ekki, eins og sést á mynd 13. „Ég veit þær eru þarna en þær hafa ekki truflað mig, ég hef ekki veitt þeim sérstaka athygli,“ sagði einn og annar sagðist alinn upp við að sjá háspennulínur og tæki því ekki eftir þeim því hann væri orðinn vanur þeim. Sá þriðji sagði Sultartangalínur hafa truflað sig mikið til að byrja með, en eftir að hann vandist þeim, var hann ekki viss um hvort honum fyndust þær truflandi, og svaraði því bæði „já“ og „veit ekki“.

Þrjátíu prósent viðmælenda sögðu þær trufla sig mikið og tók einn þeirra fram að hann væri virkjanasinnaður maður, en háspennulínur trufluðu sig samt mikið. „Auðvitað er þetta lýti í náttúruna,“ sagði annar og sá þriðji sagði: „Maður verður var við að útlendingar og gestir hafi orð á þessu og segji að þetta sé ljótt að sjá.“



Mynd 14 Sultartangalínur, séð frá línuveginum. Mynd tekin í ágúst 2015.




Mynd 15 Sultartangalínur. Mynd tekin í ágúst 2015.

Myndir 14 og 15 voru teknar á línuveginum í ágúst 2015. Sumir viðmælendur nefndu að með tilkomu Sultartangalínanna hefði aðgengi opnast að svæðinu, en voru hikandi við að segja hvort það væri gott eða slæmt í sjálfu sér, og fólk var almennt sammála um að fleiri háspennulínur á svæðinu myndu hafa neikvæð áhrif.

3.2.5 Mikilvægi lítt snortins víðernis

Lítt snortnum náttúrusvæðum fer fækkandi í heiminum með aukinni fólksfjölgun og framkvæmdum. Lítil umferð er nú um svæðið sem um ræðir, þó það hafi reyndar lengi verið notað undir beit og a.m.k. eitt manngert veiðivatn er á svæðinu, Heiðarvatn. Með því að virkja Stóru Laxá ofan Laxárgljúfra myndi aðgengi aukast, og þar með umferð fólks. Erfitt getur reynst að mæla mikilvægi slíks svæðis í hugum viðmælenda, en hagsmunaaðilarnir voru spurðir hvort láta ætti svæðið ósnert umfram það sem nú þegar hefur nú hefur verið gert á því.



Mynd 16 Skoðun hagsmunaaðila á því hvort svæðið ætti að láta ósnert.

Einn aðili kaus að merkja bæði í „veit ekki“ og „ósammála“ og var hans atkvæði því skipt í tvennt. Þannig svöruðu einn og hálfur „veit ekki“, sjö og hálfur „ósammála“, fimm „hlutlaus“ og fjórir „sammála“, eins og sést á mynd 16. Einn þeirra sem sagðist vera ósammála sagði það vera „því allt er breytingum háð.“

Einnig var safnað saman athugasemdum viðmælenda um ósnortna eða lítt snortna náttúru, til að móta mynd af skoðun þeirra á mikilvægi hennar. Flestir voru sammála um að óbyggðin sé það sem kallar ferðamenn á svæðið, og því mikilvægt að hrófla ekki of mikið við henni og forðast mikla uppbyggingu, en stýra því vel sem gert er:

„Mér finnst bara ágætt að það sé ekkert allt saman aðgengilegt. Ég er ekki neitt á móti bættu aðgengi ef það er gert í góðum takti við umhverfið, að sjálfsögðu. Það hefur nú sýnt sig víða annars staðar að það er náttúrulega bara kostur að ef aðgengi er bætt, þá er minni hættu á að menn séu að spæna út um allt. Það er svona mín almenna afstaða gagnvart hálendinu okkar. Af því að mér finnst við ekki vera lengur í þeirri stöðu að geta talað um ósnortna staði, það eru allir staðir snortnir og fólk er alls staðar á ferðinni og það er rosalega mikilvægt að stýra því og hvernig við viljum hafa það. Ég held að það sé meginmálið.“

Tveir bentu á að veiði- og hestamenn vilja hafa náttúruna sem minnst snortna, og sá þriðji sagði að ekki ætti að byggja mannvirki á svæðinu, þó bæta mætti malarvegi, gönguleiðir og upplýsingaskilti, og allir voru sammála um að ekki mætti hrófla við Laxárgljúfrunum.

Sumir viðmælendanna áttu afar erfitt með að gera upp hug sinn hvað varðar virkjun á lítt snortnu landsvæði: Einn sagði:

„Ferðamaður sem hefur aldrei komið til Íslands og langar sjá ósnortna náttúru, hann myndi verða gráti nær þegar hann kæmi og sæi þarna stíflur og stíflugarða á einhverju svæði sem að hann hélt að væri [ósnortið]. En svo á móti kemur að hann getur líka orðið imponeraður yfir hvað þetta er fallega gert og vel gert og smekklegt, reynt að láta falla að náttúrunni.“


Annar sagðist vilja bætt aðgengi svo fleiri kæmust til að sjá náttúruna, en á sama tíma fannst honum að svæðið ætti að láta ósnert. „*Þetta togast alveg á í mér,*“ sagði hann. Sá þriðji sagði, „*Einhvers staðar verður að virkja svo sem, en það verður að gera það í sátt við þá sem hlut að því eiga,*“ og sá fjórði sagðist einfaldlega alfarið ósammála virkjun, en sammála uppbyggingu sem gagnaðist útivist á svæðinu. Aðrir nefndu atvinnutækifærin sem felast í lítt snortinni náttúru og töluðu um að rannsóknir sýndu að náttúran er það sem ferðamenn sækjast eftir, og þó söfn, sýningar og veitingahús hefðu ákveðið aðdráttarafl, þá færu fáir ferðamenn á stað á borð við Suðurlandið í leit að slíku. Fólk væri á höttunum eftir lítt snortinni náttúru, þó það heimsækti söfn í sömu ferðinni. Sumir nefndu að unga fólkíð væri að flytja burt því það skorti atvinnutækifæri og að ferðaþjónusta gæti skapað fjölmörg tækifæri fyrir bæði menntað og ómenntað fólk. Einn sagði:

„Ef við ætlum að fá ferðamanninn hingað, þá má ekki eyðileggja það sem hann sækist eftir. Auðvitað getur maður sagt, hvað, það er nógu stórt svæði eftir, en þá erum við að fara svolítið hættulega braut. Háspennulínur, þær hafa neikvæð áhrif á upplifun og virkjanir yfirhöfuð eru náttúrulega alltaf inngríp. Það er hægt að haga þeim þannig að það er minna inngríp en þær hafa frekar neikvæð inngríp á náttúruupplifun og það er náttúrulega akkúrat það sem ferðamaðurinn sækist eftir. Við eigum engan makrílkvóta hérna í uppsveitum og við eigum engin álver en við eigum náttúruna og við ættum að nýta okkur hana til að búa til atvinnu og tekjur.“

Annar sagði öll mannvirki vera neikvæð ef verið væri að selja ósnortna náttúru og sá þriðji sagði að gæta þyrfti þess að eyðileggja ekki það sem ferðamenn sækjast eftir: „*Þetta er svona eins og ef maður situr á grein og síðan tekur maður sög og sagar greinina af, það gengur ekki.*“ Hann bætti við að ferðaþjónusta skilar meiri arði en álvinnsla, og því þyrfti að fara afar gætilega í að vernda það sem erlendir ferðamenn sækjast eftir á Íslandi.

3.2.6 Virkjunarmannvirki á svæðinu – áhrif á ferðamennsku og útivist

Viðmælendur töldu margir að virkjunarmannvirki myndu ekki hafa áhrif á þá sem kæmu í fyrsta sinn á svæðið, því þeir þekkja ekki neitt annað, en að áhrifin yrðu mestmegins neikvæð fyrir þá sem þekkja landið, sérstaklega meðan fólk væri að venjast því að sjá mannvirkin: „*Áhrifin yrðu neikvæð til að byrja með, en svo kannski eftir 10 eða 20 ár þá er þetta gleymt og þá man enginn að þarna voru mýrar sem enginn komst yfir,*“ sagði einn viðmælandi. Nær tveir þriðju hlutar þeirra töldu að mannvirkin myndu hafa neikvæð áhrif á eigin upplifun af svæðinu eins og sést á mynd 17, meðan 17% töldu þau myndu hafa jákvæð áhrif á eigin upplifun, ekki síst vegna þess að aðgengi yrði bætt en einnig vegna þess að þeir gerðu ráð fyrir að mannvirkin sjálf yrðu lítið áberandi og fallett svo það yrði „*sómi af þeim.*“




Mynd 17 Skoðun hagsmunaaðila á áhrifum virkjunarmannvirkja.


Álit viðmælenda á áhrifum virkjunarmannvirkja á ferðapjónustu og útivist eru sett fram í myndum 17, 18 og 19. Skiptar skoðanir voru á því hvort virkjunarmannvirki og uppbygging í ferðapjónustu fara vel saman, því „það þarf ekkert að fara illa saman en það er ekkert endilega toppurinn að hafa virkjun ef maður ætlar að byggja upp ferðapjónustu,“ eins og einn viðmælendi orðaði það. Þó voru fleiri sammála þessari fullyrðingu en ósammála, eða 36% á móti 25%, en 22% voru hlutlausir og 17% svöruðu „veit ekki.“ Fleiri voru sammála en ósammála um hvort virkjunarmannvirki myndu auka möguleika á nýsköpun í ferðapjónustu og útivist, eða 47% sem töldu að slíkt gæti átt góða samleið en 30% voru ósammála og einn viðmælendi benti á að lítil ferðapjónusta væri í tengslum við mannláusar litlar virkjanir.

Sama var uppi á teningnum með fullyrðinguna um að virkjunarmannvirki myndu hafa aðdráttarafli fyrir ferðamenn. Þar voru 47% ósammála en 33% sammála, og viðmælendur bentu á að fólk færi upp á hálendið fyrst og fremst til að skoða náttúruna, en ekki mannvirki. Einn benti á að fólk skiptist í hópa, sumir fara gagngert til að skoða virkjun því þeir hafa áhuga á virkjunum, og annar sagðist telja að lítil umferð væri um Blönduvirkjun og hugsanlega mætti draga lærdóm af því.

Svörin við spurningunum um áhrif virkjunar á útivist og ferðapjónustu á svæðinu annars vegar og á upplifun ferðamanna hins vegar voru áþekkt, eins og sjá má á mynd 18. Fólk taldi almennt að minnkað eða breytt rennsli Stóru Laxár og háspennulínur hefðu neikvæð áhrif, en að nýjir vegarslóðar gætu haft jákvæð áhrif. Athygli vekur að 42% þátttakenda töldu að virkjunin í heild sinni hefði jákvæð áhrif á útivist eða ferðapjónustu á svæðinu, en þegar kom að áhrifum virkjunarinnar í heild sinni á upplifun ferðamanna af svæðinu, gaf einungis einn þátttakandi jákvæða svarmöguleikanum hálf atkvæði, eða 3%, eins og sést á mynd 19.



Mynd 18 Skoðun hagsmunaaðila á áhrifum virkjunar á útivist og ferðarþjónustu.



Mynd 19 Skoðun hagsmunaaðila á áhrifum virkjunar á upplifun ferðmanna.

Almennt voru þátttakendur neikvæðari í afstöðu sinni á áhrifum virkjunarinnar á upplifun ferðamanna af svæðinu, og einn sagði muninn afar ólíkan á upplifuninni á að koma á svæðið eins og það er nú og á því að koma þegar virkjun er risin, þó áhrifin á útivist þyrftu ekki að vera neikvæð: „Það verður bara öðruvísi,“ sagði hann. Tveir þátttakendur nefndu að sandfok getur

myndast þegar lágt er í manngerðum lónum, og annar þeirra talaði um að á móti kæmi uppgræðsla sem oft færi í gang nærri virkjunum, sem hann var ánægður með. Viðmælendum fannst almennt kostur að ráðgert er að mannvirkin verði lítt sjáanleg frá þeim stöðum sem helst eru sóttir.

Sumum fannst lítið hafa farið fyrir kynningu á fyrirhugaðri virkjun meðal hagsmunaaðilanna og gagnrýndu það.

3.2.7 Áhrif virkjunarinnar á náttúrufars-, samfélags- og atvinnuþætti

Þátttakendur höfðu margt að segja um áhrif virkjunarinnar á náttúrufars-, samfélags- og atvinnuþætti, og algengt var að fólk svaraði á svipuðum nótum og þessi viðmælandi sem sagði: „*Já það hefur bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Jákvæð fyrir þá sem fá atvinnu en neikvætt fyrir þá sem vilja hafa bara ósnortna náttúru.*“ Einkum og sér í lagi setti fólk spurningamerki við áhrifin á náttúruna þar sem líklegt þykir að rennsli um Laxárgljúfur minnki. Margir vildu fá að sjá niðurstöður rannsókna um áhrif á fiskgengd og hrygningu, og sumir nefndu að gljúfrin yrðu ekki jafn tilkomumikil ef rennslið minnkaði mikið og einn talaði um að minnkað rennsli myndi hægja á og breyta mótun gljúfranna, sem myndast hafa með vatnsafli. „*Þetta hefur að sjálfsögðu áhrif á náttúrufar. Það þarf ekki nema hálfvita eins og mig sem er ekki laxveiðimaður eða neitt, auðvitað hefur þetta áhrif á náttúrufarið – laxinn og vatnabúskapinn,*“ sagði einn þátttakenda.

Einn þeirra sem taldi áhrifin á náttúruna verða jákvæð sagði ástæðuna vera þá að væntanlega yrði land grætt í kringum mannvirkin og samningar gerðir um uppgræðslu fyrir það land sem færi undir vatn. Nokkrir nefndu að Laxá er dragá sem afar lítið vatn er í á þurrkasumrum, sem getur þýtt að laxinn gengur ekki upp í hana, og töldu það geta haft afar jákvæð áhrif ef hægt er að jafna rennslið með lónunum. Einn sá líka annan kost í jafnara rennsli árinna, því þá hyrfu leysingaflóðin á vorin þegar áin brýtur af sér klakann, og benti hann á að rennsli til jafnaðar neðan virkjunarinnar yrði það sama, þó rennslið um gljúfrin sjálf myndi minnka, og að jafnara rennsli hefði jákvæð áhrif á lífríki árinna. Annar var ánægður með að fá lón sem hugsanlega væri hægt að sleppa seiðum í og skapa þar með veiðivötn.

Hvað atvinnutækifæri beintengd virkjuninni varðar var fólk almennt heldur svartsýnt, nema það að ferðamannaíðnaðurinn myndi hagnast á bættri aðkomu upp á hálendið, eins og sannast hefur við aðrar virkjanir. Einn viðmælandi ræddi mikið um að atvinnu skorti á svæðinu fyrir ungt fólk, bæði menntað og ómenntað, og sagði ungt fólk vera að flytja burt og því þyrfti að nýta náttúruna fyrir ferðamannaíðnað. Annar sagði að næga atvinnu væri að finna á svæðinu: „*Hér er náttúrulega bullandi atvinna og vantar fólk frekar en hitt þannig að maður spyr sig hverjir myndu vinna við [uppbyggingu virkjanamannvirksja],*“ og velti fyrir sér hvort heimamenn myndu hagnast af aukinni atvinnu við framkvæmdirnar eða hvort flytja þyrfti vinnuafli á svæðið. Margir nefndu að líklega yrði virkjunin sjálf ekki atvinnuskapandi til frambúðar og einn taldi iðnaðarmenn hugsanlega geta hagnast atvinnulega séð meðan á framkvæmdum stæði en annar hafði áhyggjur af því að verkið yrði boðið út svo heimamenn myndu lítið græða á því. Sá þriðji sagði að eftir að byggingu lyki yrði virkjuninni „*tölvustýrt úr Reykjavík svo ég sé ekki fyrir mér að það verði einhver atvinna fyrir heimamenn eða að fólk flytji hingað í bunkum.*“

Nokkrir töluðu um mikilvægi þess að halda orkunni í heimbyggð, svo íbúar uppsveitanna myndu njóta góðs af, sem dæmi til gróðurhúsa og garðyrkju. Orkuna ætti að nýta „*á staðnum sem hún er búin til*“ sagði einn og bætti við að „*aflið í kringum valdstjórnina í Reykjavík dregur þetta allt þangað.*“

Hvað samfélagið varðar áttu viðmælendur erfiðara að sjá fyrir sér áhrif virkjunarinnar, nema

hvað varðar atvinnu og ferðamenn. Margir töldu að samfélagslega hefði virkjunin ekki mikil áhrif, en aðrir nefndu að ef áætlanir um hana halda áfram, þá myndi hún líklega valda mikilli úlfúð og óróa í samfélaginu:

„Ég hugsa að það verði örugglega mjög mikill ágreiningur um þetta. Fólk er svona á báðum vængjum og örugglega breitt bil á milli fólks með skoðanir, sko. Þannig að þetta gæti líka haft neikvæð áhrif svona samfélagslega séð. Af því að oft verður heift í svona málum.“

Einn þátttakandi tiltók að ef miðlunarlónin yrðu gerð að veiðivötnum, gæti það haft jákvæð áhrif fyrir samfélagið.

3.2.8 Ábendingar og athugasemdir

Í lok viðtalanna var fólk spurt hvort það hefði eitthvað við viðtalið að bæta, og komu margir þá orði á áhyggjur sínar og gagnrýni vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Stóru Laxá. Einn viðmælandi ítrekaði að hann vildi fá betri kynningu á áætlunum Landsvirkjunar og sagði:

„Nú er auðvitað ekki vitað hvort það verður af þessu en það verður að hvetja Landsvirkjun til þess að halda góðan kynningarfund um þessar hugmyndir og þá er líklega að það verði sátt um þetta.“

Annar bað um gott samstarf við Landsvirkjun og sá þriðji sagðist vona að allt sem kynnt hefði verið myndi standast ef af virkjun verður, sérstaklega þá áætlun að setja ekki upp neinar nýjar háspennulínur og að stöðvarhúsið við Skillandsá verði lítt áberandi og að nægilegt vatnsmagn yrði í ánni svo laxinn hverfi ekki. Hann bætti við að ef áætlanir stæðust ekki og „þarna kæmi allt í einu eitthvert sementsferlíki“ þá teldi hann að rafmagnið frá virkjuninni gæti ekki verið fyrirhafnarinnar virði. Annar sagði að ekki kæmi til greina að samþykkja neitt annað en jarðstreng.

Einn aðili hafði áhyggjur af því að frárennslisgöngin væru hönnuð of neðarlega í ánni, sem gæti skaðað efstu veiðisvæðin í gljúfrunum, og nokkrir nefndu að orkuna þyrfti að nýta í heimabyggð. Einn nefndi að gæta þyrfti þess sérstaklega að báðir hrepparnir nytu góðs af:

„Þegar er verið að gera þessar virkjanir í þessum ám sem eru sameiginleg eign jarðeigenda og sveitarfélaga, þá er byggt meira hjá þeim sem eru virkjanafúsir og þeir fá allar tekjur af þessu, eins og fasteignagjöld. En hitt sveitarfélagið sem á náttúrulega helminginn af ánni og vatninu, það fær ekkert. Þeir sjá bara vatnið renna.“

Tæpur þriðjungur viðmælanda lýstu yfir undrun á því að áætlanir væru uppi um að virkja Stóru Laxá, og einn sagði: „Ég átti bara ekkert von á að það myndi vera virkjunarkostur, þetta er svo falleg á og veiði í henni.“ Tveir viðmælandur sögðust ekki hafa neina trú á því að virkjunin risi, og sagði annar þeirra að honum finndust áætlanirnar um virkjunina svo ruglingslegar að hann hefði enga trú á að hún myndi nokkurn tímann rísa. Hinn sagði: „Manni finnst þetta einhvern veginn alveg eitthvað rugl að fara í framkvæmdir þarna, af því að þetta er svo langt í allt þarna.“

Einn viðmælandi sem var alfarið mótfallinn virkjun í Stóru Laxá sagði: „Ég er mjög á móti þessu öllu saman. Þetta er alveg skelfileg tilhugsun að það eigi að fara að leggja þetta í, já. Vonandi gengur þetta ekki eftir.“


3.3 Spurningalisti ferðamanna

Eitthundrað og sextán ferðalangar svöruðu spurningalistunum þá sex daga sem spýrlarnir voru á ferð fyrir ofan Laxárgljúfur. Langflestir voru erlendir ferðamenn í skipulögðum ferðum

sem þeir höfðu greitt fyrir. Nokkrir svarendur stýrðu þessum ferðum eða voru ökumenn trúss-bíla, en einnig voru aðrir ferðalangar á eigin vegum, bæði íslenski og erlendir. Sumir ferðamenn voru að villast, og var þá oftast um að ræða erlenda ferðamenn á illa útbúnum bílum sem sumir höfðu stuðst við rafræn kort. Allir þátttakendur voru, eðli málsins samkvæmt, á ferð um svæðið, aðallega í frítíma sínum, en nokkrir voru að vinna.

Spurningakönnunin var nafnlaus og fullum trúnaði var heitið. Þar af leiðandi er rætt um alla svarendur í karlkyni í þessari skýrslu (þar sem orðin „svarandi“ og „þátttakandi“ eru bæði karlkyns orð á íslensku), þó 45% svarenda hafi verið konur.

3.3.1 Upplýsingar um þátttakendur



Mynd 20 Þjóðerni þeirra sem svöruðu spurningalistunum í prósentuhlutfalli.

Samtals tóku 80 erlendir ríkisborgarar þátt og 36 Íslendingar. Af útlendingunum voru Þjóðverjar fjölmennastir, eða 21 maður, en alls gáfu þátttakendur upp 17 mismunandi þjóðerni, eins og sjá má á mynd 20. Tólf Danir tóku þátt, sjö Frakkar, sex Ítalir og fimm Rússar. Önnur þjóðerni töldu innan við fimm manns, og tveir þátttakendur gáfu ekki upp þjóðerni sitt.

Af Íslendingunum 36 gáfu 27 upp póstnúmerið þar sem þeir bjuggu, og voru 14 þeirra frá Suðurlandi og 13 frá höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík og Hafnarfjörður). Af þeim 36 sem skráðu „íslenskt“ í þjóðerni, svöruðu 31 á íslensku en 5 á ensku, því alls svöruðu 73% þátttakenda spurningalistunum á ensku en 27% á íslensku, eins og sjá má á mynd 21.




Mynd 21 Fleiri enskir spurningalistar voru notaðir en íslenskir.

Ríflega helmingur þátttakenda, 55%, voru karlar, eða samtals 64, eins og sjá má á mynd 22. Konur töldu 52, eða 45%.



Mynd 22 Ríflega helmingur þátttakenda í spurningakönnuninni voru karlar.


Allir voru þátttakendurnir eldri en 18 ára, og má sjá á mynd 23 að flestir voru á aldersbilinu 31-50 ára, eða 44 manns. Fjörutíu og einn var á aldrinum 50-67 ára, 25 manns 18-30 ára og þrír voru eldri en 67 ára gamlir.



Mynd 23 Aldursdreifing þeirra sem svöruðu spurningalistunum.

Ekki var spurt nákvæmlega um aldur, og því er ekki hægt að gefa upp aldursbil elsta og yngsta þátttakanda.

Ferðamennirnir sem fóru um hálendið á þessu svæði og svöruðu spurningakönnuninni voru almennt frekar menntaðir, en eingöngu 8% þeirra höfðu sótt framhaldsmenntun í tvö ár eða minna, eins og sjá má á mynd 24:




Mynd 24 Menntun þeirra sem tóku þátt í spurningakönnuninni.

Tæpur þriðjungur hafði menntað sig í 2-4 ár eftir grunnskóla, en 41% höfðu 5-8 ára menntun og 22% voru með átta ára menntun eða meira eftir grunnskóla.

3.3.2 Svæðið, merking þess fyrir þátttakendur og afstaða gagnvart virkjun

Þrettán þeirra sem svöruðu spurningalistanum voru í dagsferð, en 102 sögðust vera í lengri ferð, og einn svaraði ekki þessari spurningu. Af þeim sem voru í lengri ferð, var fólk í allt að einnar nætur ferð (þrír) og upp í 30 náttu ferð (tveir). Tólf manns voru í tveggja vikna ferð, 17 í sjö náttu ferð, 26 í sex náttu ferð og 15 í fimm náttu ferð, en aðrir voru í ýmist lengri eða styttri ferðum.

Ekki kom á óvart að margir þeirra sem ætluðu að gista á svæðinu eyddu nóttinni í Helgaskála. Aðrir fjallaskálar sem fólk nefndi að það myndi gista í voru Leppistunguskáli, Svínárnes, Fossilækur, Gíslaskáli, Kaldbakur og fleiri, en einnig gistu margir á hótelum og nokkrir í tjöldum, eins og sjá má á mynd 25.




Mynd 25 Dvalarstaðir svarenda í spurningakönnuninni.

Boðið var upp á svarmöguleikann „annað, hvað“ í þessari töflu, og skrifuðu allir þeir 14 sem merktu við þann möguleika „hótél“ þar við, og eru niðurstöðurnar teknar með í súluritinu.


Helstu viðkomustaðir sem fólk nefndi voru Laxárgljúfur, Landmannahellir, Landmannalaugar, Kerlingarfjöll, Gullfoss, Geysir og Þjórsárdalur, og nokkrir erlendir ferðamenn nefndu að þeir væru í lengri ferð um landið.

Flestir voru á ferð með ættingjum / vinum eða í skipulagðri hópferð, eins og sést á mynd 26:




Mynd 26 Ferðafélagar svarenda í spurningakönnuninni.

Flestir sögðust hafa komið á svæðið akandi í fólksbíl, ríðandi eða akandi í jeppa, eins og sjá má á mynd 27, en tveir erlendir ferðamenn sögðust hafa komið í flugvél og voru svör þeirra ekki talin með því líklegt þykir að þeir hafi verið að tala um til Íslands en ekki á svæðið ofan Laxárgljúfra.




Mynd 27 Ferðamáti svarenda í spurningakönnuninni.

Langflestir merktu við að þeir væru á ferð um svæðið til að njóta náttúrunnar og að þeir væru í hestaferð, eins og sjá má á mynd 28. Fólk nefndi að það ætlaði sér að skoða Landmannalaugar, Laxárgljúfur og Kerlingarfjöll, og einn sagðist vera að skoða vindmyllur. Tveir sögðust vera í reiðhjólaferð, og einn sagðist hafa komið á svæðið fyrir mistök. Enginn var í fjórhjólaferð.



Mynd 28 Ástæða ferða svarenda í spurningakönnuninni.


Aðspurðir hvort þeir hefðu komið áður á svæðið sögðu 40 svo vera, og 74 ætluðu sér að koma aftur á svæðið, eins og sjá má í mynd 29.



Mynd 29 Fjöldi svarenda sem hafa komið áður og þeirra sem ætla sér að koma aftur.

Enginn merkti við „vil ekki svara“ í þessum tveimur spurningum og því voru þeir kostir teknir út úr töflunni. Af þeim 40 sem höfðu komið áður á þetta svæði sögðust 7 hafa komið sama árið, 26 á síðustu 1-5 árunum og 13 fyrir sex árum eða meira, en sex merktu við fleiri en einn kost hér. Þrjátíu og þrjár sögðust hafa komið að sumarlagi en sjö að vetrarlagi, og langflestir, eða 18, sögðust hafa komið ríðandi, 15 komu akandi í jeppa, sex í fólksbíl, einn í rútu og enn gangandi.

Af þeim 74 sem hugðust koma aftur, sögðust sex ætla að koma aftur sama árið, 57 á næstu 1-5 árunum og 11 eftir sex ár eða meira. Fjörutíu og fjórir sögðust ætla að koma að sumarlagi en 13 að vetrarlagi. Þrjátíu sögðust ætla að koma ríðandi, 18 í fólksbíl og 18 í jeppa, sjö á fjórhjólí, mótörhjólí eða torfæruhjólí, sjö gangandi, tveir í rútu og einn á reiðhjólí.




Mynd 30 Afstaða svarenda í spurningakönnuninni í heildina tekið gagnvart virkjun í Stóru Laxá í prósentum talið.

Ríflega helmingur þátttakenda í spurningakönnuninni voru ósammála fullyrðingunni „Ég er í heildina tekið jákvæð/ur gagnvart virkjun í Stóru Laxá ofan Laxárgljúfra“, eða 57 manns. Tuttugu og sex voru hlutlausir, sextán sammála fullyrðingunni og sex merktu við „veit ekki“.


3.3.3 Umferð um svæðið og afstaða til aukinnar þjónustu

Ferðalangarnir voru spurðir um aðgengi að svæðinu og skoðanir á aukinni umferð, og sjá má niðurstöðurnar á mynd 31. Vel ríflega helmingur svarenda var ósammála því að bætt aðgengi myndi auka líkurnar á að þeir sjálfir kæmu aftur á svæðið. Það sama átti við um fullyrðinguna um að aukin umferð vélknúinna farartækja um svæðið væri til bóta. Þessi hópur hafði skiptar skoðanir á hvort skipuleggja ætti vegakerfið á svæðinu með hagsmuni ferðapjónustu og úti- vistar að leiðarljósi, því 36% voru sammála þeirri fullyrðingu, 20% hlutlaus, 38% ósammála og 6% merktu við „veit ekki.“




Mynd 31 Skoðanir þátttakenda í spurningakönnuninni á fullyrðingum um aðgengi og umferð á svæðinu.

Skoðanir voru einnig skiptar þegar kom að því hvort aukin umferð hestamanna og göngufólks væri til bóta, og merktu örlítið fleiri við svarmöguleikann „hlutlaus“ í þeim fullyrðingum en „sammála“ eða „ósammála“. Þrjátíu og þrjú prósent svarenda voru ósammála fullyrðingunni „Bætt vegakerfi á svæðinu vegna virkjunarframkvæmda myndi auka líkurnar á að fólk kæmi á svæðið“, en 44% voru sammála henni, 15% hlutlaus og 8% merktu við „veit ekki“.



Mynd 32 Afstaða þátttakenda í spurningakönnuninni til þjónustu á svæðinu - fyrri mynd.

Aðspurðir hvort þeim finndist vanta þjónustu á svæðið svöruðu 61% nei, 20% já og 19% voru óvissir, eins og sést á mynd 32. Enginn merkti við í „vil ekki svara“ svo sá möguleiki var tekinn út úr kökuritinu.




Mynd 33 Afstaða þátttakenda í spurningakönnuninni til þjónustu á svæðinu - seinni mynd.

Þegar þátttakendur voru inntir nánar eftir aukinni þjónustu á svæðið, kom í ljós að 51% þess 91 aðila sem tók afstöðu vildu gjarnan fá merkta göngustíga inn á svæðið, 47% þeirra vildu fá salernisaðstöðu, og 39% þeirra 85 sem tóku afstöðu vildu gjarnan fá upplýsingaskilti. Hvað tjaldsvæði á svæðið varðar, tóku 88 afstöðu og vildu 22% þeirra fá tjaldsvæði, 38% voru ósammála því en 35% voru hlutlausir.


3.3.4 Háspennulínur

Nær allir þátttakendur höfðu tekið eftir háspennulínunum á ferð sinni, eins og sést á mynd 34. Svöruðu 72 að þeir hefðu tekið mikið eftir háspennulínunum, 27 sögðust hafa tekið svolítið eftir þeim, tveir sögðust hafa séð þær en ekki veitt athygli og sjö sögðust ekki hafa séð háspennulínur á leið sinni um svæðið. Sjö svöruðu ekki spurningunni.



Mynd 34 Afstaða svarenda í spurningakönnuninni til háspennulína - fyrri mynd.

Á mynd 25 sést að línurnar trufluðu 56 manns, eða tæpan helming svarenda, en rúmur fimmtungur, 25 manns, létu þær ekki trufla sig. Tuttugu og tveir, eða 19%, voru óvissir og merktu við „veit ekki“. Enginn merkti við „vil ekki svara“ en 13 svöruðu ekki spurningunni, eða 11%.



Mynd 35 Afstaða svarenda í spurningakönnuninni til háspennulína - seinni mynd.


Aðspurðir hvar þeir hefðu helst tekið eftir háspennulínunum, svöruðu þátttakendur aðallega að þeir hefðu séð þær meðfram línuveginum. Sumir nefndu við Gullfoss og frá útsýnisstöðum, og nokkuð margir svöruðu „alls staðar“, eða eins og einn sagði: „Þau [möstrin] eru alls staðar því miður, ekki hægt að taka myndir á mörgum stöðum,“ og einn erlendur ferðamaður kvartaði undan því að möstrin væru mjög stór. Þó er vert að geta þess að fjölmargir þátttakendur voru stöðvaðir og beðnir um að taka þátt í spurningakönnunni á línuveginum sjálfum, alveg við Sultartangalínur, þar sem hestafólk og akandi ferðamenn áttu flestir leið um línuvegin, eins og sjá má á mynd 36.



Mynd 36 Spyrill við vinnu á línuveginum, við Sultartangalínur.

3.3.5 Mikilvægi lítt snortins víðernis

Erlendu ferðalangarnir ræddu margir um að lítt snortin náttúra væri ástæða þess að þeir hefðu valið að koma til Íslands, og eins og kemur fram í kafla 3.2.8, voru margir harðorðir þegar kom að því að mæla fyrir verndun íslenskrar náttúru. Margir vöruðu við því að bygging virkjana á hálendi Íslands myndi skemma fyrir ferðapjónustu því ferðamenn myndu ekki vilja koma á svæði þar sem búið væri að byggja virkjun. Einn svaraði til dæmis: „Af hverju myndi ég þá vilja koma hingað?“ og nokkrir sögðu að slíkar framkvæmdir myndu „eyðileggja“ náttúruna. Fleiri svör þeirra sem vekja athygli í þessu samhengi er að finna í kafla 3.2.6 og 3.2.8.




Mynd 37 Skoðun þátttakenda í spurningakönnuninni hvort svæðið ætti að láta ósnert.


Líkt og kemur fram á mynd 37, voru 55% þeirra 103 sem tóku afstöðu sammála fullyrðingunni „Svæðið ætti að láta ósnert umfram það sem nú þegar hefur verið gert á því – engin frekari uppbygging ætti að eiga sér stað“. Tæp 11% voru ósammála þessari fullyrðingu.

3.3.6 Virkjunarmannvirki á svæðinu – áhrif á ferðamennsku og útivist

Eins og sjá má á mynd 38, voru flestir ferðalangarnir á ferð um svæðið ósammála fullyrðingum um að virkjunarmannvirki myndu hafa aðdráttarafli fyrir ferðamenn, auka möguleika á nýsköpun í ferðaþjónustu og útivist, og að þau myndu hafa jákvæð áhrif á upplifun þeirra sjálfra af svæðinu. Það sama átti við um skoðun þeirra á því að virkjunarmannvirki og uppbygging í ferðaþjónustu á svæðinu færu vel saman – af þeim 105 sem tóku afstöðu voru 46% ósammála.



Mynd 38 Skoðun þátttakenda í spurningakönnuninni á virkjunarmannvirkjum. Ferðalangarnir töldu líka almennt flestir að Stóru-Laxárvirkjun myndi hafa neikvæð áhrif á útivist eða ferðaþjónustu á svæðinu, eins og sjá má á mynd 39.



Mynd 39 Skoðun svarenda í spurningakönnuninni á áhrifum virkjunar á útivist og ferðaþjónustu.


Stór hluti þeirra sem tóku afstöðu merktu „neikvæð“ við alla þætti spurningarinnar, en athygli vekur að töluverður hópur merkti við „veit ekki“ eða „engin“. Þannig svöruðu til dæmis 33%

þeirra 97 aðila sem tóku afstöðu, að þeir vissu ekki hvort minnkað eða breytt rennsli árinna myndi hafa áhrif, meðan 52% töldu það hafa neikvæð áhrif. Eingöngu einn aðili taldi þetta geta haft jákvæð áhrif, en 14% töldu breytt rennsli ekki hafa nein áhrif.

Andstaða var við háspennulínur, en 63% svarenda töldu þær hafa neikvæð áhrif á útivist eða ferðapjónustu á svæðinu, en 20% sögðust ekki vita hvort þau hefðu neikvæð, jákvæð eða engin áhrif. Um helmingur svarenda töldu einnig aðveituskurði, inntaks- og miðlunarlón, og stíflur og stíflugarða hafa neikvæð áhrif, meðan um fjórðungur merkti við „veit ekki“ í öllum þessum spurningum. Svörin voru jafnari þegar kom að nýjum vegarslóðum. Af 105 svarendum voru 22% óvissir um áhrif þeirra, 31,5% töldu þá hafa neikvæð áhrif, 16% töldu þá ekki hafa nein áhrif og 30,5% töldu þá hafa jákvæð áhrif.

Hvað virkjunina í heild sinni varðar, svöruðu 23% að þeir vissu ekki hvort hún hefði jákvæð, neikvæð eða engin áhrif, en 50% töldu hana hafa neikvæð áhrif, 14% engin og 13% jákvæð áhrif.

Ferðalangarnir voru jafnframt spurðir hvaða áhrif virkjun í Stóru Laxá myndi hafa á upplifun þeirra sjálfra af svæðinu. Eins og sjá má á mynd 40 töldu 56% þeirra að virkjunarmannvirki myndu hafa áhrif á upplifun sína af svæðinu, 14% töldu að þau myndu ekki hafa áhrif á sig, 25% merktu við „veit ekki“ og einn þátttakandi, eða tæpt prósent, sagðist ekki vilja svara. Fimm manns, eða 4,3% svöruðu spurningunni ekki.



Mynd 40 Skoðun ferðalanga í spurningakönnuninni á áhrifum á eigin upplifun af svæðinu ef virkjun rís.

Þátttakendur voru jafnframt beðnir um að útskýra svar sitt. Þeir sem sögðu að mannvirki af þessum toga myndu hafa áhrif á sig sögðu ástæðuna vera inngrip í náttúruna og áhrif á landslagið. Einn sagði að dalirnir yrðu ekki jafn fallegir og annar sagði að upplifun ferðalanga yrði ekki jafn áhrifamikil. Sá þriðji (Íslendingur) sagði að „öræfafílingurinn hyrfi“ og nokkrir nefndu að gróið land myndi minnka. Töluverður fjöldi erlendra ferðamanna virtust telja að landið sem þeir fóru um væri „ósnortið“ og sögðu virkjunarmannvirki myndu eyðileggja þá ímynd. Nokkrir nefndu líka að breytt rennsli í gljúfrunum myndi hafa áhrif. Sumir tóku sterkt til orða, eins og einn erlendur ferðamaður sem spurði: „Af hverju myndi ég þá vilja koma hingað? Hér yrði ljótt,“ og nokkrir aðrir sögðu að virkjun myndi eyðileggja svæðið og náttúruna, og tveir sögðu að svæðið yrði ekki lengur „náttúrulegt“ (e. „natural“). Einn sagði að fólk leitaði eftir ósnortinni náttúru þegar ferðast væri inn á hálendið, og annar sagði: „Ég sæi virkjanamannvirki sem mér

líkar ekki. Ég er á móti stórvirkjun/álverum o.s.frv. Við eigum að vera stolt af óspilltri náttúrunni okkar og sýna hana ferðamönnum.“

Annar sagði að áhrifin yrðu þau að þvera yrði færri ár, en tók ekki fram hvort honum fannst það jákvætt eða neikvætt, en tveir nefndu að áhrifin á sig yrðu jákvæð og nokkrir sögðust ánægðir með að vegirnir yrðu betri.

3.3.7 Áhrif virkjunarinnar á náttúrufars-, samfélags- og atvinnuþætti

Ferðalangarnir voru ekki spurðir beint út í afstöðu sína til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðrar virkjunar á náttúrufars-, samfélags-, og atvinnuþætti, þar sem ljóst var frá byrjun að aðallega yrði um að ræða erlenda ferðmenn í stuttri heimsókn til landsins, sem gætu því ekki lagt heildstætt mat á slíka þætti. Ábendingar ferðalanganna og athugasemdir eru tilteknaðar í kafla 3.2.8, en þar fjölluðu sumir um hugsanleg áhrif virkjunarinnar á ofangreinda þætti.

3.3.8 Ábendingar og athugasemdir

Í lok spurningalistans var þátttakendum gefinn kostur á að bæta við hugleiðingum og athugasemdum. Þegar farið var yfir niðurstöðurnar, skiptust þessar ábendingar mestmegnis í þrjá hópa – fólk var ýmist jákvætt gagnvart virkjun, efins um hana eða algjörlega á móti nokkrum framkvæmdum á hálendinu, og var síðastnefndi hópurinn fjölmennastur.

Einn þeirra sem voru jákvæðir gagnvart virkjun sögðu að hægt væri að gera hana áhugaverða fyrir ferðamenn, annar sagðist telja „*ef það er til hagsbóta fyrir þjóðfélagið þá sé ekkert því til fyrirstöðu að fara í virkjanaframkvæmdir,*“ og sá þriðji sagðist vera jákvæður gagnvart virkjun svo lengi sem lagður yrði jarðstrengur. Tveir nefndu líka að það gæti verið gott að sleppa seiðum í lónin og rækta upp fiskistofna, með góðu aðgengi fyrir veiðimenn.

Einn þeirra sem lýstu yfir efa var erlendur ferðamaður sem sagðist telja að ferðabjónustu-iðnaðurinn væri nauðsynlegur og að virkjun gæti verið gagnleg, en að nauðsynlegt væri að hugsa um framtíðina og annars konar orkukerfi, meðan annar erlendur ferðamaður sagði að vissulega þyrftu allir á rafmagni að halda, en að erfitt væri að segja til um hvað hentaði Íslendingum best.

Flestir þeirra sem notuðu tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri voru móti virkjanahugmyndum í Stóru Laxá. Einn hafði áhyggjur af áhrifum virkjunar á lífríki árinna og nokkrir nefndu að virkjun myndi hafa neikvæð áhrif á náttúruna. Margir sögðust einfaldlega vera alfarið á móti virkjunum, og sumir nefndu að fleiri virkjanir myndu eyðileggja ímynd Íslands, þar sem ferðamenn kæmu til landsins til að sjá lítt snortna náttúru: „*Mér finnst virkjanir og þá háspennulínur vera skrímsli á vegi mínum. Ferðamenn vilja upplifa óspillta náttúru. Það má græða fullt á því,*“ sagði íslenskur þátttakandi. Erlendur þátttakandi sagði að hann kæmi ekki aftur á svæðið ef af virkjun yrði og annar benti á að innan mjög langs tíma yrðu ekki lengur eftir nein jarðhitasvæði og fallvötn til að virkja og að því ætti að setja mörk í dag til að vernda hluta náttúru Íslands.

Þrjár vildu upplýsingar um hvert orkan yrði seld, og sagði einn þeirra að næg orka væri nú þegar framleidd í landinu fyrir eftirspurnina eins og hún er í dag. Annar sagði enga þörf vera fyrir nýja virkjun því orkan yrði seld úr landi, og sá þriðji spurði um heildarmyndina og hvort orkan yrði notuð til uppbyggingar í nágrenni Stóru Laxár, og bætti við: „*Hvað kostar framkvæmdin fyrir þá orku sem fæst?*“

Einn erlendur ferðamaður hvatti til þess að ekki yrði af frekari framkvæmdum, því nú þegar væri yfirfullt af ferðamönnum á mörgum fallegustu og áhugaverðustu stöðunum í náttúru Íslands, sem væri ekki alltaf góður kostur.

Einnig bentu tveir erlendir ferðamenn á í athugasemdunum að gott væri að hafa aðgang að sturtu uppi á hálendinu.



Mynd 41 Etlendur ferðamenn á litlum bílaleigubíl að villast.

Spyrlar tóku eftir að í nokkrum tilvikum voru útlendingar að villast upp á línuveginn, t.d. tveir Spánverjar á litlum Yaris bílaleigubíl sem þekktu greinilega ekki aðstæður á línuveginum, eins og sjá má á mynd 41.

3.4 Bifreiðatalningar

Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir unnu skýrslu um bifreiðatalningar á svæðinu fyrir ofan Stóru Laxá. Ekki verður farið mörgum orðum hér um þá skýrslu þar sem hún er í viðauka 1, fyrir utan helstu niðurstöður.

Vegagerðin mælir ekki umferð á þessu svæði. Því var bifreiðateljara komið upp á línuveginum fyrir ofan Laxárgljúfur, við vegbrún á: N:64°19,051 og V:19°59,027. Hann var þar í samtals 5 vikur, frá 20. júlí 2015 til 21. ágúst 2015. Taldi hann bifreiðar í báðar áttir, svo ef fólk fór fram og til baka, var sá bíll tvítalinn.

Samtals fóru 408 bifreiðar um veginn á þessu tímabili. Þá sex daga sem spyrlar voru að störfum, fylgdust þeir einnig með bílaumferð. Þá daga fóru 44% bifreiða aðra leiðina, í gegnum svæðið, en 56% bíla fóru fram og til baka. Ef þær tölur eiga við allar fimm vikurnar, má gera ráð fyrir að tæplega 300 bifreiðar hafi komið á svæðið meðan á mælingum stóð.

Meðan spyrlar voru að störfum, voru að meðaltali 2,7 manns í hverri bifreið. Ef sú tala á við um allt tímabilið, má gera ráð fyrir að um 794 manns hafi komið akandi á svæðið á þessum fimm vikum.

4 UMFJÖLLUN OG ÁLYKTANIR

Í þessum kafla er að finna samantekt á niðurstöðum beggja hluta rannsóknarinnar. Fyrst eru svör hópanna tveggja sem tóku þátt í rannsókninni borin saman, og í síðari hluta kaflans er að finna samantekt á niðurstöðum rannsóknarinnar.

4.1 Niðurstöður

4.1.1 Þátttakendur

Samtals tóku 134 manns þátt í rannsókninni, 116 ferðalangar svöruðu spurningalistanum uppi á hálendinu og viðtöl voru tekin við 18 hagsmunaaðila, ýmist í gegnum síma eða í eigin persónu. Allir hagsmunaaðilarnir voru íslenskir eða hafa búið á Íslandi árum saman, meðan tæp 70% þátttakenda í spurningakönnuninni voru ferðamenn af erlendu bergi brotnir og í stuttri ferð til Íslands. Flestir voru útlendingarnir Þjóðverjar, eða 21, og næstfjölmennasti hópurinn kom frá Danmörku, eða 12 manns, og aðrir voru frá 14 öðrum löndum. Þeir Íslendingar í spurningakönnunni sem gáfu upp póstnúmer komu frá Suðurlandi eða höfuðborgarsvæðinu. Heldur færri konur en karlar tóku þátt í báðum hlutum rannsóknarinnar, eða 33% í viðtalsrannsókninni og 45% í spurningakönnuninni. Aldursdreifingin var töluverð í báðum hópum, og voru 11% viðmælenda í viðtölunum á aldrinum 18-30%, 33% á aldrinum 31-50 ára og 50% á aldrinum 50-67 ára, en í spurningakönnuninni voru 22% á aldrinum 18-30 ára, 38% 31-50 ára, og 35% á aldrinum 50-67 ára.

Eingöngu var spurt um menntun svarenda í spurningalistanum, og voru ferðalangarnir almennt frekar vel menntaðir, en 63% voru með fimm ára menntun eða meira eftir grunnskóla.

4.1.2 Svæðið, merking þess og afstaða gagnvart virkjun

Markhóparnir í rannsókn þessari voru ólíkir, því hagsmunaaðilarnir höfðu margir afnot af landinu sem um er að ræða í gegnum vinnu sína, til dæmis vegna ferðamennsku af einhverjum toga (hestaferðir, gönguferðir eða veiði) eða beit, meðan flestir þeirra sem þátt tóku í spurningalistakönnuninni áttu bara leið um svæðið á ferð sinni um landið í sumarfríinu sínu.

Hagsmunaaðilarnir voru spurðir hvort svæðið hefði persónulega merkingu fyrir þeim, sem fæstir vildu kannast við nema hvað varðar fjárbeit og smölun, og Laxárgljúfur í tengslum við vinnu af ýmsum toga, svo sem ferðamennsku og veiði. Einn sagði gljúfrin mikilvæg því hann notar þau til að markaðssetja fyrirtæki sitt, og aðrir tiltóku það sem kost að óbyggðin og gljúfrin eru nálægt þéttbýli og tiltölulega einfalt að komast að þeim á rétt útbúnum bílum. Ferðalangarnir voru ekki spurðir hvort svæðið hefði persónulega merkingu fyrir þeim, en þeir voru aftur á móti spurðir hvort þeir hefðu komið áður á svæðið og hvort þeir hyggðust koma aftur. Fæstir höfðu komið áður, eða 40 á móti tæplega 70 sem ekki höfðu komið, og 74 ætluðu sér að koma aftur á svæðið á móti einum sem ekki ætlaði sér að koma aftur og 37 sem merktu við „veit ekki“.

Ferðalangarnir voru spurðir út í dvalarstaði sína á svæðinu, og kom í ljós að margir gistu í fjallaskálum, eða fleiri en 50 manns (mynd 25). Það kemur hins vegar ekki á óvart, því ríflega 40 þeirra voru í hestaferð (mynd 28). Ferðalangarnir nefndu að þeir hefðu komið til að njóta náttúrunnar, upplifa víðernið, í hestaferð, í jeppaferð, til að taka myndir og til að njóta útiveru, og nefndi fólk að helstu viðkomustaðir þeirra í nágrenninu væru Laxárgljúfur, Landmannahellir, Landmannalaugar, Kerlingarfjöll, Gullfoss, Geysir og Þjórsárdalur. Svör hagsmunaaðilanna rímuðu við þessi svör, því þeir nefndu að aðdráttaraflíð á svæðinu væri einna helst gljúfrin, óbyggðin, víðernið, lítt snortin náttúra, Hrunakrókur og Fagratofa.

Töluverður munur var á skoðunum hagsmunaaðila og ferðalanga á fullyrðingunni „Ég er í heildina tekið jákvæð/ur gagnvart virkjun í Stóru Laxá ofan Laxárgljúfra“. Skiptar skoðanir voru meðal hagsmunaaðila þegar kemur að virkjun í Stóru-Laxá, en örlítið fleiri, eða sjö manns, voru þó fylgjandi virkjun svo lengi sem hönnun mannvirkjanna yrði smekkleg, þau ekki áberandi í landslaginu og ekki yrði hróflað við Laxárgljúfrunum. Ástæðan, eins og fram kemur hér að neðan, var þá einkum vegna þess að bætt aðgengi myndi auðvelda bæði þeirra eigin aðkomu að svæðinu sem og annarra, sem þá hefðu kost á að sjá hálendið á þessum stað, sem aftur gæti aukið atvinnutækifæri á svæðinu. Sex þeirra voru algjörlega á móti virkjun í Stóru Laxá ofan Laxárgljúfra, og sögðu ástæðuna ýmist vera veiði eða andstöðu við framkvæmdir á hálendinu. Hluti hagsmunaaðilanna, hvort sem þeir voru sammála fullyrðingunni eða ekki, bar upp efasemdir um virkjunina, vildu sjá fleiri rannsóknir og vöruðu við því að þessar áætlanir myndu valda ágreiningi í samfélaginu. Sumir tóku fram að þeir hreinlega gætu ekki gert upp huga sinn – þeir væru fylgjandi virkjunum almennt séð, en óvissir um hvort það væri þess virði að fórna lítt snortinni náttúru fyrir virkjun með tiltölulega litla framleiðslugetu.

Fleiri ferðalangar voru ósammála þessari fullyrðingu, eða 54% þeirra sem tóku afstöðu. Fjórðungur voru hlutlausir en eingöngu 15% sammála. Fram kemur hér að neðan að margir ferðamannanna, sérstaklega hinir erlendu, voru í leit að ósnortinni náttúru, sem getur skýrt fjölda þeirra sem voru á móti virkjun á þessu svæði.

4.1.3 Umferð um svæðið og afstaða til aukinnar þjónustu

Eðli málsins samkvæmt voru bara hagsmunaaðilarnir spurðir um umferðaraukningu um svæðið undanfarin ár, og voru svör þeirra á þá leið að öll umferð um það hefur aukist. Nefndu sumir að Íslendingar fara frekar upp á fjöll í dag en þeir gerðu á árum áður, og nær allir nefndu að aukinn ferðamannastraumur erlendra ferðamanna gerði það að verkum að fleiri útlendingar kæmu bæði sjálfir, og þá stundum vanbúnir, og í hópum á vegum íslenskra ferðaþjónustuaðila.

Báðir hóparnir voru spurðir hvort þeir teldu að annars vegar myndu þeir sjálfir koma aftur á svæðið ef aðgengi batnaði og hins vegar hvort fleira fólk kæmi á svæðið ef vegakerfið batnaði vegna virkjanaf framkvæmda. Hagsmunaaðilarnir voru flestir voru sammála því að bætt vegakerfi á svæðinu vegna virkjunar framkvæmda myndi auka líkurnar á að fólk kæmi á svæðið, en skoðanir þeirra voru skiptar varðandi það hvort aukin umferð væri til bóta. Flestir voru ósammála því að umferð vélknúinna farartækja væri til bóta, þó nokkrir bentu á að ef ökumenn héldu sig á vegum eða vegarslóðum væri það jákvætt. Ríflega 60% hagsmunaaðila töldu að aukin umferð göngufólks yrði til bóta, en 28% voru ósammála því. Nokkrir hagsmunaaðilar tóku fram að stýra þyrfti aukinni umferð hestamanna um svæðið, því hófar hesta sem ekki eru reknir áfram í einni lest heldur fara í stórum hóp, geta eytt upp stóru svæði.

Eins og hagsmunaaðilarnir, voru ferðalangarnir líka fleiri sammála um að bætt vegakerfi yrði til þess að fleira fólk kæmi á svæðið, en þó voru 33% ósammála þeirri fullyrðingu. Svör ferðalanganna voru líka í samræmi við hagsmunaaðilana hvað varðar það að flestir voru ósammála því að aukin umferð vélknúinna farartækja væri til bóta. Fleiri ferðalangar töldu að aukin umferð hestamanna væri ekki til bóta, en um það bil jafn margir svarendur merktu við svarkostina „ósammála“, „hlutlaus“ og „sammála“ þegar kom að fullyrðingunni um að aukin umferð göngufólks væri til bóta.

Athygli vekur að 56% ferðalanganna voru ósammála þeirri fullyrðingu að bætt aðgengi myndi auka líkurnar á því að þeir sjálfir kæmu aftur á svæðið, meðan 61% hagsmunaaðilanna voru sammála henni, en líkur má leiða að því að hagsmunaaðilar eru flestir heimamenn eða fólk

sem nýtir svæðið, meðan meirihluti ferðalanganna býr ekki á Íslandi. Hagsmunaaðilarnir skiptust í tvo hópa þegar kom að skoðunum á aðgengi að svæðinu – annars vegar voru þeir sem þurfa vinnu sinnar vegna að fara akandi um svæðið og vildu þeir fá bætt aðgengi, og hins vegar voru þeir sem nýta svæðið undir gönguferðir, veiði, hestaferðir og vélsleða-, vélhjóla- eða fjórhjólaferðir sáttir við núverandi aðkomu, því hún má ekki vera of góð til að halda umferð í skefjum.

Töluverður munur var á svörum hagsmunaaðila og ferðalanga þegar kom að fullyrðingum um þjónustu á svæðið. Annars vegar voru allir viðmælendur í viðtalsrannsókninni sammála því að vegakerfið á svæðinu ætti að hanna með hagsmuni ferðþjónustu og útivistar að leiðarljósi. Hins vegar voru ferðalangarnir ekki jafn vissir um að skipuleggja ætti vegakerfið á svæðinu með hagsmuni ferðþjónustu og útivistar að leiðarljósi, því 38% voru ósammála þeirri fullyrðingu, 36% sammála, og 20% merktu við „hlutlaus“.

Ríflega 80% hagsmunaaðila sögðust ekki vilja fá þjónustu svæðið, en við nánari eftirgrennslan vildu allir þeirra sem tóku afstöðu fá upplýsingaskilti, 93% fá betri vegasamgöngur og merкта göngustíga, og 77% töldu til bóta að fá salernisaðstöðu. Sumir töldu jákvætt að fá salernisaðstöðu og tjaldsvæði, en frekari þjónustu vildu hagsmunaaðilarnir almennt ekki á svæðið fyrir ofan Laxárgljúfur.

Hvað ferðalangana varðar, vildu 20% svarenda fá þjónustu á svæðið en 61% svöruðu þeirri spurningu neitandi. Þegar þeir voru inntir eftir því frekar, kom í ljós að ríflega helmingur svarenda vildi gjarnan fá merкта göngustíga inn á svæðið, tæplega helmingur vildu salernisaðstöðu, og tæp 40% vildu gjarnan fá upplýsingaskilti. Ríflega fimmtungur þeirra sem tóku afstöðu vildu fá tjaldsvæði, meðan tæp 40% voru mótfallnir því.

4.1.4 Háspennulínur

Andstaða var gagnvart háspennulínunum hjá báðum hópunum. Eins og fram kemur í myndum 18 og 39, og í kafla 4.1.6, töldu langflestir svarenda í báðum hópum að háspennulínur myndu hafa neikvæð áhrif á ferðamennsku og útivist. Tveir þriðju hlutar hagsmunaaðila sögðu línurnar sem komnar eru ekki trufla sig, enda sögðust margir þeirra sem búa á svæðinu vera orðnir vanir Sultartangalínunum, en þrátt fyrir það vildu hagsmunaaðilar almennt alls ekki fá nýjar eða fleiri háspennulínur á svæðið. Einn nefndi að erlendir ferðamenn ræddu um að möstrin væru ljót að sjá og nokkrir voru á sama máli persónulega. Sumir hagsmunaaðilanna nefndu að Sultartangalínur hefðu vissulega opnað aðgengi að svæðinu, en hvort það væri jákvætt eða neikvætt væri annað mál.

Áttatíu og fimm prósent ferðalanganna sögðust hafa tekið annað hvort svolítið eða mikið eftir háspennulínunum, og sagði tæpur helmingur þeirra að þær trufluðu sig meðan 22% sögðu þær ekki trufla sig. Þó nokkrir svarendur sögðu þau vera „*alls staðar*“ og einn erlendir ferðalangur kvartaði undan stærð mastranna. Svörin geta auðvitað litast af því að spyrnlarnir voru oftast staðsettir á línuveginum sjálfum, en athygli vekur að margir ferðamannanna virtust telja sig vera á ferð um ósnortna náttúru þegar þeir svöruðu spurningunum á línuveginum.

4.1.5 Mikilvægi lítt snortins víðernis

Flestir þátttakendur í báðum hlutum rannsóknarinnar voru sammála um að vernda beri hálendi Íslands og gæta að víðerninu, ekki síst til að laða erlenda ferðamenn að landinu. Töluverður munur var á skoðunum hópanna á því hvort láta skyldi svæðið ósnert og ekki ráðast í frekari uppbyggingu á því. Hagsmunaaðilarnir höfðu ansi skiptar skoðanir á því, eingöngu 22% þeirra

voru sammála þeirri fullyrðingu, meðan 55% ferðalanganna voru sammála henni (myndir 16 og 37).

Hagsmunaaðilarnir voru ekki á sama máli um það hvort hægt væri að byggja lítt áberandi virkjun og halda aðdráttarafli svæðisins. Burtséð frá því hvort þeir voru hlyntir virkjun eða ekki, voru flestir hagsmunaaðilanna sammála um að óbyggðin sé það sem kallar ferðamenn á svæðið, og því mikilvægt að hrófla ekki of mikið við henni og forðast mikla uppbyggingu. Stýra þyrfti vel því sem gert er, og ef af virkjunarframkvæmdum yrði, þá þyrfti að hafa mannvirkin eins lítið áberandi og hægt er. Einn nefndi að ef vel er staðið að aðgengi er minni hætta á utanvegarakstri og umferð utan merktra leiða. Sumir hagsmunaaðilanna áttu erfitt með að gera upp hug sinn, voru ekki endilega á móti virkjun svo lengi sem rafmagnið frá henni myndi gagnast heimamönnum á einhvern máta, en voru efins um hvort þetta væri akkúrat rétti staðurinn eða hvort það væri þess virði að hrófla við Stóru Laxá, þó gljúfrin verði látin ósnert, til að senda tiltölulega lítið rafmagn inn á landskerfið. Aðrir voru alfarið á móti framkvæmdum á þessu svæði, meðal annars vegna veiðinnar í ánni.

Heimamenn sáu frekar jákvæða hlið á því að byggja virkjun, því með tilkomu hennar myndi aðgengi að svæðinu batna sem gæti ýtt undir ferðaþjónustuiðnaðinn og áberandi var að hagsmunaaðilar sem þurftu að fara akandi um svæðið vildu láta laga vegi, meðan hagsmunaaðilar sem nýta svæðið undir gönguferðir, veiði eða hestaferðir, sem og erlendir ferðamenn sem komu á hestbaki í skipulögðum ferðum sáu ekki ástæðu til þess.

Ferðalangarnir voruð margir við byggingu virkjunar og bættu aðgengi að staðnum sem þeir voru að ferðast um, því það myndi auka umferð fólks og því „eyðileggja“ ímynd Íslands af lítt snortinni náttúru. Sú ímynd væri það sem laðaði fólk að landinu því sífellt erfiðara væri að finna slíka náttúru í heiminum. Hálfgerð öfugmæli felast í þessum viðvörðunum, því staðreyndin er að umferð um svæðið hefur aukist með tilkomu einmitt þessara ferðamanna og annarra í sömu erindagjörðum. Þetta vekur óneitanlega hugsanir um að stýra þurfi umferð þeirra um lítt snortið hálendi Íslands, líkt og margir hagsmunaaðilanna bentu á þegar þeir ræddu um að stýra þyrfti umferð hestamanna um svæðið og gæta að því að erlendir ferðamenn hefðu nægar upplýsingar svo þeir færu sér ekki að voða, eins og margir hafa verið að gera með því að fara inn á annað hvort lokaða fjallavegi eða inn á jeppaslóða á illa útbúnum litlum bílaleigubílum, með þeim afleiðingum að hjálparsveitir þurfa að koma þeim til bjargar.

Nokkrir meðal beggja hópanna sáu kosti í því að seiðum yrði sleppt í tilbúin lón, og þar með búin til ný veiðivötn á hálendinu.

4.1.6 Virkjunarmannvirki á svæðinu – áhrif á ferðamennsku og útivist

Margir hagsmunaaðilanna ræddu um að þar sem ferðaþjónustan á Íslandi öllu snérist að miklu leyti um að selja erlendum ferðamönnum lítt snortna náttúru og viðerni, skipti máli að viðhalda þeirri ímynd. Sumir voru alfarið á móti virkjun vegna þessarar ímyndar og þeirrar atvinnuuppbyggingar sem nú á sér stað í ferðaiðnaðinum, en aðrir bentu á að ef virkjun væri byggð á þessu svæði, yrði hún að vera hönnuð í sátt við þessa ímynd og lítið mætti fara fyrir henni. Sumir bentu á að þegar búíð er að byggja virkjun, hefur hún ekki neikvæð áhrif á þá sem heimsækja það í fyrsta sinn, meðan þeir sem þekktu landið fyrir verða fyrir neikvæðum áhrifum, að minnsta kosti þar til þeir eru búnir að venjast nýjum mannvirkjum, enda voru 64% hagsmunaaðilanna ósammála fullyrðingunni um að virkjunarmannvirki myndu hafa jákvæð áhrif á upplifun þeirra af svæðinu. Ferðalangarnir svöruðu á sama máta, mun fleiri voru ósammála en sammála þeirri fullyrðingu eða 60% á móti 11%.

Örlítið fleiri hagsmunaaðila voru sammála en ósammála því að virkjunarmannvirki og uppbygging í ferðapjónustu á svæðinu færu vel saman, og það sama átti við um hvort virkjunarmannvirki myndu auka möguleika á nýsköpun í ferðapjónustu og útvist, en fleiri voru ósammála því en sammála að virkjunarmannvirki myndu hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Ferðalangarnir voru afdráttarlausari í svörum sínum, en mun fleiri voru ósammála en sammála því að virkjunarmannvirki og uppbygging í ferðapjónustu færu vel saman og að virkjunarmannvirkin hefðu aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Hagsmunaaðilar og ferðalangarnir voru almennt á sama máli með að minnkað eða breytt rennsli Stóru Laxár og háspennulínur hefðu neikvæð áhrif á útvist og ferðapjónustu á svæðinu og á upplifun ferðamanna, en nýjir vegarslóðar gætu haft jákvæð áhrif, en þó merktu nokkuð margir ferðalangar við „veit ekki“ í þessum spurningum.

Fleiri hagsmunaaðilar voru sammála frekar en ósammála því að virkjunin í heild sinni gæti haft jákvæð áhrif á útvist eða ferðapjónustu á svæðinu, en fæstir töldu að það sama gildi um upplifun ferðamanna af svæðinu. Nokkrir þeirra nefndu að jákvætt væri að ráðgert er að mannvirkin verði lítt sjáanleg frá þeim stöðum sem helst eru sóttir. Ferðalangarnir voru hins vegar frekar ósammála því að virkjunin í heild sinni gæti haft jákvæð áhrif á útvist eða ferðapjónustu á svæðinu. Meirihluti þeirra, eða 56%, töldu að virkjun á svæðinu myndi hafa áhrif á sig, en 14% töldu að hún myndi ekki hafa áhrif á sig. Aðspurðir sögðu margir að inn grip í náttúruna hefði neikvæð áhrif á upplifun sína af lítt snortinni náttúru, en tveir nefndu að áhrifin yrðu jákvæð þar sem vegirnir yrðu betri.

Nokkrir hagsmunaaðilar nefndu einnig að þeir vildu fá frekari kynningu á fyrirhugðum áætlanum Landsvirkjunar í Stóru Laxá.

4.1.7 Áhrif virkjunarinnar á náttúrufars-, samfélags- og atvinnuþætti

Hagsmunaaðilarnir voru margir sammála um að virkjun myndi hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á náttúrufarsþætti í Stóru Laxá og nágrenni. Fólk hafði áhyggjur af laxgengd og hrygningu, en nokkrir nefndu það sem kost ef hægt er að stýra rennsli árinna betur, til að koma í veg fyrir stór leysingaflóð og að rennsli minnki ekki mikið á þurrkasumrum. Einn hagsmunaaðili og nokkrir þátttakendur í spurningakönnuninni voru kátir með að fá manngerð lón á svæðið ef seiðum yrði sleppt í þau og opnað fyrir veiði.

Hvað atvinnuþætti varðar, voru hagsmunaaðilar efins um ágæti virkjunar og margir nefndu að líklega yrði hún ekki atvinnuskapandi til frambúðar. Nokkrir vildu að framleidd orka yrði ekki send inn á landskerfið heldur nýtt í nágrenninu, til dæmis fyrir garðyrkju og gróðurhús, eða að garðyrkju- og gróðurhúsabændur fengju einhverskonar ívilnun við kaup á rafmagni. Margir töldu jafnframt að betra aðgengi myndi tvímælalaust gagnast ferðamannaíðnaði á svæðinu.

Varðandi samfélagslega þætti, höfðu hagsmunaaðilarnir einna helst áhyggjur af því að áætlanir um virkjun á lítt snortnu svæði á hálendi Íslands myndi valda ágreiningi í samfélaginu.

Ferðalangarnir voru ekki spurðir beint um áhrif virkjunarinnar á náttúrufars-, samfélags- og atvinnuþætti, en þó komu margir inn á þessa þætti og nefndu hluti á borð við að gríðarlega mikilvægt væri fyrir Ísland að viðhalda ímynd sinni um lítt snortna náttúru svo ferðamannastraumurinn færi ekki dvínandi, sem kæmi niður á atvinnu.

4.1.8 Ábendingar og athugasemdir

Í lok bæði viðtalanna og spurningakannananna voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu einhverju við að bæta, og voru þau svör ýmist sett inn í viðeigandi kafla, eða tekin sérstaklega saman.

Þar kom fram að hagsmunaaðilar voru margir hissa á áætlunum um að virkja Stóru Laxá, og sumir óskuðu eftir góðu samstarfi meðan aðrir vildu fá betri kynningu á þessum fyrirætlunum. Nokkrir nefndu að ef af virkjunarframkvæmdum yrði, þá yrðu mannvirkin að vera lítt áberandi og falla vel inn í landslagið, engar nýjar háspennulínur yrðu reistar, og að virkjunin í heild sinni mætti ekki skaða veiði í ánni. Sumir ítrekuðu nauðsyn þess að nýta orkuna í heimabyggð til dæmis með því að greiða götu garðyrkjubænda í uppsveitum Árnessýslu, og einn nefndi að gæta yrði þess að báðir hrepparnir nytu góðs af virkjuninni, ef af henni yrði. Aðrir nýttu tækifærið til að lýsa yfir algerri mótstöðu sinni við þessum áætlunum.

Ferðalangarnir sem kusu að koma með ábendingar og hugleiðingar voru samtals 29, eða 25%. Þeir skiptust í þrjá hópa – með, á móti og efins. Fjölmennastur var hópurinn sem var alfarið á móti virkjanaáætlunum, eða 19 manns, 62%, og nefndu ýmist áhyggjur af lífríki árnar, neikvæð áhrif á náttúruna og neikvæð áhrif á ímynd Íslands út á við og afleiðingar fyrir ferðapjónustu. Bæði íslenskir og erlendir ferðalangar sögðu margir að ástæða ferða þeirra um svæðið væri lítt snortið hálendið og varð þeim erlendu tíðrætt um að Íslendingar yrðu að halda í „ósnortna“ náttúru ætti þeim að takast að halda í ferðamannastrauminn. Voru sumir afar harðorðir í garð fyrirhugaðrar virkjunar og framkvæmda, sögðust vera á ferð um „ósnortna“ náttúru og að ímynd Íslands af „ósnortinni“ náttúru væri það sem laðaði bæði þá og aðra að svæðinu. Þeir vörðu jafnframt við því að erlendir ferðamenn myndu síður sækja Ísland heim, ef virkjað verður á stöðum á borð við Stóru Laxá. Erlendu ferðamennirnir virtust ekki alltaf gera sér grein fyrir að þeir sjálfir eru hluti af aukinni umferð um viðkvæma náttúru sem þarfnast meðvitaðrar og skipulagðrar verndar vegna vaxandi ferðamannastraums. Íslensku ferðamennirnir virtust flestir meðvitaðir að um lítt snortna náttúru væri að ræða, en ítrekuðu margir að það er hún sem er aðdráttarafl vaxandi ferðapjónustu, og því bæri að vernda hálendið.

Nokkrir vildu upplýsingar um hvert orkan yrði seld, og hvort þörf væri á viðbótarorku, og aðilar í báðum hópunum bentu á að nú þegar væri yfirfullt af ferðamönnum á mörgum fallettustöðum Íslands, sem væri ekki endilega ákjósanlegt.

Þeir sem voru efins sögðu að vega þyrfti virkjanaframkvæmdir á móti hagsmunum ferðapjónustu þegar kemur að lítt snortinni náttúru, og að meta þyrfti hvað kæmi Íslendingum best. Þeir sem jákvæðir voru gagnvart virkjun töldu að hægt væri að gera hana áhugaverða fyrir ferðamenn og sáu ekkert því til fyrirstöðu að byggja virkjun, ef það væri til hagsbóta fyrir þjóðfélagið.

Þátttakendur í hvoru tveggja, spurningakönnuninni og viðtölunum, bentu margir á að könnunin tæki of langan tíma – spurningarnar væru of margar í spurningalistanum og að viðtölin tækju of langan tíma. Almenn ánægja var þó með skýringarnar, bæði þær sem sendar voru á viðmælendur í viðtalskönnuninni og þá sem ferðalöngunum var sýnd áður en þeir fylltu út spurningalistann.

Umferð erlendra ferðamanna á litlum bílaleigubílum um svæðið, sem voru að villast, vekur hugleiðingar um hvort að upplýsingaskilti um að vegurinn sé eingöngu jeppafær séu annað hvort ekki nægilega sýnileg eða skiljanleg fyrir erlenda ferðamenn.

4.2 Samantekt

Skýrsla þessi er hluti af rannsókn á áhrifum af hugsanlegri virkjun í Stóru Laxá ofan Laxárgljúfra á útivist og ferðamennsku, en Orkustofnun veitti rannsóknarleyfi fyrir henni árið 2012. Virkjunarmannvirki eru áætluð bæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og í Hrunamannahreppi, þó aðallega í þeim fyrrnefnda. Reiknað er með Laxárgljúfur verði ósnortin en að vatnsmagn um þau minnki. Svæðið ofan Laxárgljúfra var lengi vel aðallega notað til beitara, enda er það illfært utan línuvegarins. Undanfarin ár hefur umferð um svæðið aukist mikið, bæði með tilkomu vegarslóðans meðfram Sultartangalínunum og aukins ferðamannastraums. Áður var aðallega smalaflóki á ferð á haustin, en nú koma ferðamenn á svæðið, þó aðallega að sumri til, enda skipuleggja nokkrar hestaleigur margra daga ferðir um svæðið, göngufólk ferðast upp og niður gljúfrin, jeppaáhugamenn aka línuveginn og veiðimenn er að finna neðarlega í gljúfrunum.

Sumarið 2015 tók verkfræðistofan EFLA viðtöl við 18 hagsmunaaðila á svæðinu og spurningakönnun var lögð fyrir 116 ferðalanga sem áttu leið um línuveginn ofan Laxárgljúfra. Fulltrúar helstu hópa voru með í viðmælendahóp, þ.e. starfsmenn eða fulltrúar sveitarstjórna beggja vegna árinna, talsmenn bænda og landeigenda, eigendur eða starfsfólk fyrirtækja sem nýta landið undir ferðamennsku og útivist í atvinnuskyni, og fulltrúar þeirra sem nýta landið til ferðamennsku eða útivistar í eigin frítíma og án þess að hagnast á þeim ferðum. Fyrst var rannsóknin og tilgangur hennar kynntur fyrir viðmælendum símleiðis og í tölvupósti, og svo var tekið viðtal við viðkomandi, ýmist símleiðis eða í eigin persónu, allt eftir hvað hentaði viðkomandi.

Hvað spurningakönnunin varðar, voru tveir spyrjar á vegum EFLU á línuveginum ofan Laxárgljúfra í sex daga samtals, stöðvuðu þá sem leið áttu um veginn og kynntu fyrir þeim rannsóknina og fyrirhugaða virkjun, og lögðu svo spurningalistann ýmist á ensku eða íslensku fyrir þátttakendur. Einnig sendu spyrjar nokkra spurningalista og skýringamyndir með eiganda hestaleigu og skildu aðra eftir í Helgaskála og sóttu svo daginn eftir. Ferðalangarnir voru aðallega erlendir ferðamenn, flestir frá Þýskalandi og Danmörku, en þó voru nokkrir íslenskir ferðamenn líka stöðvaðir og einnig svöruðu nokkrir starfsmenn ferðaþjónustufyrirtækja. Þátttakendum í báðum hlutum rannsóknarinnar var heitið nafnleynd og höfðu starfsmenn EFLU einir aðgang að gögnunum, sem eytt var að úrvinnslu lokinni.

Heldur fleiri karlar en konur tóku þátt í rannsókninni, eða 33% konur í viðtalsrannsókninni og 45% konur í spurningakönnuninni. Markhóparnir voru ólíkir því hagsmunaaðilarnir höfðu margir afnot af svæðinu vegna vinnu sinnar, en ferðalangarnir voru flestir í stuttri heimsókn í sumarfríinu sínu, og höfðu allir viðmælendur í viðtalskönnuninni tekið eftir aukinni umferð um svæðið undanfarin ár vegna aukins ferðamannastraums og bætts aðgengis. Aðdráttaraflið á svæðinu fyrir ferðamennina var að njóta náttúrunnar og útiveru, upplifa víðernið, taka ljósmyndir, eða fara í hesta- eða jeppaferð, og þegar hagsmunaaðilarnir voru spurðir að því hvað þeir teldu að drægi fólk helst á svæðið voru svörin á svipaða leið, eða að fólk kæmi vegna gljúfranna, óbyggðinnar, víðernisins, og lítt snortinnar náttúru.

Hagsmunaaðilarnir í viðtalsrannsókninni voru margir hikandi í afstöðu sinni, en þó sem heild almennt hlynntari virkjun á svæðinu en ferðalangarnir. Ríflega þriðjungur sagðist í heildina tekið jákvæður gagnvart virkjun í Stóru Laxá en annar þriðjungur var mótfallinn henni, og þá einkum vegna hugsanlegra áhrifa á veiði í ánni eða andstöðu við framkvæmdir á hálendinu. Hinir fimm voru óvissir eða hlutlausir og vildu margir fá frekari upplýsingar. Sumir vildu að ef virkjað væri, myndi orkan nýtast í heimabyggð, en aðrir voru við að virkjunaráætlanir í Stóru Laxá myndu valda ágreiningi í samfélaginu og sumir sögðust óvissir um ágóðann við að fórna

lítt snortinni náttúru fyrir tiltölulega litla virkjun. Hvað ferðalangana varðar, var ríflega helmingur þeirra andvígir virkjun í Stóru Laxá, og nefndu þeir ástæður á borð við að þeir komu til Íslands í leit að ósnortinni náttúru og vörðu við því að virkjun og framkvæmdir myndu fæla ferðamenn frá landinu. Fjórðungur þeirra var hlutlaus gagnvart fullyrðingunni að þeir væru í heildina tekið jákvæðir gagnvart virkjun í Stóru Laxá og um einn sjötti hluti sammála henni.

Fólk var almennt sammála því að með bættu vegakerfi myndi umferð aukast enn meira um svæðið, en skoðanir voru skiptar um hvort það yrði til bóta, og einna helst var fólk ósammála því að fjölga bæri vélknúnum farartækjum á svæðinu. Nokkrir hagsmunaaðilanna bentu á að stýra þyrfti umferð hestamanna um svæðið, meðan fleiri ferðalangar töldu fleiri hesta vera til bóta. Þetta kemur ekki á óvart, því margir ferðalanganna fóru ríðandi um svæðið í skipulögðum ferðum, meðan viðmælendur þekkja svæðið og vita hversu viðkvæmt landið er fyrir því róti sem hófar hestanna geta valdið. Sá munur sem er á hópunum tveimur skýrir líka af hverju fleiri viðmælendur en ferðalangar voru jákvæðir gagnvart betra vegakerfi á svæðinu – heimafólk sem vinnu sinnar vegna þarf að komast inn á svæðið var almennt jákvæðara í garð bættra vegasamgangna. Þeir heimamenn sem nota svæðið undir veiði, gönguferðir, hestaferðir og vélseða-, vélhjóla- eða fjórhjólaferðir, sem og ferðalangar sem fóru margir um svæðið á hestbaki, vildu ekki betra aðgengi.

Töluvert stór hluti beggja markhópanna var hlynntur því að fá upplýsingaskilti og merкта göngustíga á svæðið, en heldur færri sáu kosti í salernisaðstöðu og afmörkuðum tjaldsvæðum. Mikil andstaða var við háspennulínur hjá báðum hópunum, líka meðal heimamanna sem sögðust orðnir vanir Sultartangalínunum, en þar sögðust 30% svarenda háspennulínur trufla sig en 94% sögðu að fleiri háspennulínur myndu hafa neikvæð áhrif á útivist eða ferðapjónustu á svæðinu. Einnig voru báðir hópar sammála um að minnkað eða breytt rennsli Stóru Laxár myndi hafa neikvæð áhrif á útivist og ferðapjónustu og hafði fólk almennt stórar áhyggjur af laxgengd og hrygningu, þó nokkrir hagsmunaaðilar nefndu að til bóta gæti verið að stýra rennsli árinna betur til að draga úr stórum leysingaflóðum á vorin og litlu rennsli á þurrkasumrum. Þá voru nokkrir aðilar meðal beggja hópanna hlynntir því að seiðum yrði sleppt í tilbúin lón og aðgengilegir veiðistaðir þar með skapaðir.

Erfitt getur reynst að verðmeta lítt snortna náttúru Íslands, en þó var ljóst að báðir hópar telja hana afar mikilvæga og eitt helsta aðdráttarafi landsins. Upp úr stendur að þar sem ferðapjónustan á Íslandi í heild sinni snýst að miklu leyti um að selja erlendum ferðamönnum lítt snortna náttúru og víðerni, þá þarf bæði að viðhalda þeirri ímynd og stýra umferðinni um hálendið af kunnáttu og forsjálmi. Sumir telja að í því felist að byggja engar virkjanir á hálendinu, meðan aðrir eru opnari fyrir þeim möguleika, með þeim fyrirvara að heimamenn hagnist á henni með einum eða öðrum hætti, þó nokkrir hafi nefnt að líklega yrði virkjunin sjálf ekki atvinnuskapandi til frambúðar. Töluverður hópur, eða 42% hagsmunaaðila og 59% ferðalanga, voru jafnframt á því að virkjunarmannvirki hefðu lítið aðdráttarafi fyrir ferðamenn, þó margir teldu að betra aðgengi myndi tvímælalaust gagnast ferðamannaíðnaði á svæðinu.

Ljóst er að ef ráðist verður í virkjun verður að gera það í samráði við heimamenn og aðra hagsmunaaðila, og forðast til hins ýtrasta að valda meira raski í náttúrunni en nauðsyn krefur. Mannvirkin verða að vera smekklega hönnuð, falla vel í náttúruna og vera lítt sjáanleg. Allir strengir verða að vera grafnir í jörð, til að ná sætti, og vel yrði að standa að allri kynningu á málinu. Þeir ferðamenn sem vilja sjá lítt snortna náttúru myndu hugsanlega leita annað, en þó er það ekki víst því margir þeirra sem voru hvað harðorðastir í yfirlýsingum sínum virtust jafnframt telja að þeir væru á ferð um ósnortna náttúru Íslands þegar þeir ferðuðust eftir Sultartangalínuveginum. Því má draga þá ályktun að því minna áberandi sem fyrirhuguð virkjun verður, því minna myndu erlendir ferðamenn taka eftir henni. Annað mál er með heimamenn

og íslenska ferðamenn, og má gera ráð fyrir nokkurri úlfúð og illindum í samfélaginu ef haldið verður áfram með fyrirætlanir um virkjun í Stóru Laxá, einkum vegna þess að um tiltölulega afkastalítla virkjun er að ræða á stað á lítt snortnum stað á hálendi. Þó má draga úr ágreiningi með góðum kynningum og samráði við hagsmunaaðila, sem og smekklegri hönnun virkjunarinnar, sem yrði lítt áberandi í landslaginu.

5 HEIMILDIR

1. Rammaáætlun. *Niðurstöður faghópa - Kynningar- og umsagnarferli verkefnisstjórnar*. Reykjavík : Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði, 2010.
2. Stangveiðifélagið Lax-Á. Stóra Laxá. *Lax-A*. [Á neti] Stangveiðifélagið Lax-Á, Ódagsett. [Tilgreint: 14. nóvember 2015.] <http://www.lax-a.is/island/laxveidi/laxveidi-an-thjonustu/stora-laxa/>.

VIÐAUKI 1 – SKÝRSLA UM BIFREIÐATALNINGU

Bifreiðatalningar vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Stóru Laxá

Unnið fyrir Verkfræðistofuna Eflu


Rögnvaldur Ólafsson
Gyða Þórhallsdóttir

Inngangur


Dagana 20. júlí til 22. ágúst 2015 voru bifreiðar taldar í tengslum við ferðamálakönnun um viðhorf ferðamanna til fyrirhugaðrar virkjunar við Stóru Laxá. Bifreiðateljarinn var staðsettur við vegbrún á: N:64°19,051 og V:19°59,027. Teljarinn taldi bifreiðar í báðar áttir, því eru þeir sem aka fram og til baka en ekki í gegn taldir tvisvar sinnum.

Niðurstöður

Bifreiðar voru taldar í fimm vikur, frá 30. viku til og með 34. viku. Á 1. mynd kemur fram hversu margar bifreiðar óku fram hjá teljaranum á þeim tíma. Á 2. mynd kemur fram hve margar bifreiðar óku fram hjá teljaranum á dag þessar fimm vikur.




1. mynd. Bifreiðar á viku.




2. mynd. Bifreiðar á dag.

Talið var út úr bílum þegar spýrlar voru að störfum í tengslum við spurningakönnunina og er meðalfjöldi í bifreið 2,7. Á meðan spurningakönnuninni stóð fylgdust spýrlar með hversu margar bifreiðar færu í gegn og hve margar fram og til baka sömu leið. Vegurinn var illfær á þeim tíma sem spýrlar voru að störfum vegna snjóá. Um 44% bifreiða óku í gegn en um 56% fram og til baka sömu leið. Hvort það sé einleikið þau ár sem vegurinn er betur fær er erfitt að segja til um. Á 3. og 4. mynd er fjöldi gesta settur fram miðað við að fólk aki fram og til baka og er því deilt með tveimur svo fólk sé ekki tvítalið.



3. mynd. Gestir á viku.



4. mynd. Gestir á dag.

Spýrlar voru að störfum að safna spurningalistum dagana 24. til 26. júlí og aftur 7. til 9. ágúst. Í 1. og 2. töflu eru sett fram klukkustundargögn um umferðina við Stóru Laxá. Athuga þarf að ekki er búið að deila með tveimur í gögnin, töflurnar sýna því umferð fram og til baka fram hjá teljaranum.

1. tafla. Umferð að Stóru Laxá dagana 24. til 26. júlí 2015.

Dagur	klst.	Umferð	Dagur	klst.	Umferð	Dagur	klst.	Umferð
24.7.2015	00:00	0	25.7.2015	00:00	0	26.7.2015	00:00	0
24.7.2015	01:00	0	25.7.2015	01:00	0	26.7.2015	01:00	0
24.7.2015	02:00	0	25.7.2015	02:00	0	26.7.2015	02:00	0
24.7.2015	03:00	0	25.7.2015	03:00	0	26.7.2015	03:00	0
24.7.2015	04:00	0	25.7.2015	04:00	0	26.7.2015	04:00	0
24.7.2015	05:00	0	25.7.2015	05:00	0	26.7.2015	05:00	0
24.7.2015	06:00	0	25.7.2015	06:00	0	26.7.2015	06:00	0
24.7.2015	07:00	0	25.7.2015	07:00	0	26.7.2015	07:00	0
24.7.2015	08:00	0	25.7.2015	08:00	1	26.7.2015	08:00	1
24.7.2015	09:00	0	25.7.2015	09:00	0	26.7.2015	09:00	0
24.7.2015	10:00	0	25.7.2015	10:00	0	26.7.2015	10:00	0
24.7.2015	11:00	3	25.7.2015	11:00	0	26.7.2015	11:00	0
24.7.2015	12:00	1	25.7.2015	12:00	0	26.7.2015	12:00	2
24.7.2015	13:00	0	25.7.2015	13:00	0	26.7.2015	13:00	0
24.7.2015	14:00	3	25.7.2015	14:00	2	26.7.2015	14:00	0
24.7.2015	15:00	0	25.7.2015	15:00	0	26.7.2015	15:00	0
24.7.2015	16:00	1	25.7.2015	16:00	6	26.7.2015	16:00	2
24.7.2015	17:00	1	25.7.2015	17:00	2	26.7.2015	17:00	0
24.7.2015	18:00	2	25.7.2015	18:00	1	26.7.2015	18:00	1
24.7.2015	19:00	1	25.7.2015	19:00	1	26.7.2015	19:00	0
24.7.2015	20:00	1	25.7.2015	20:00	1	26.7.2015	20:00	0
24.7.2015	21:00	0	25.7.2015	21:00	0	26.7.2015	21:00	0
24.7.2015	22:00	0	25.7.2015	22:00	0	26.7.2015	22:00	0
24.7.2015	23:00	0	25.7.2015	23:00	0	26.7.2015	23:00	0
Alls:		13	Alls:		14	Alls:		6


2. tafla. Umferð að Stóru Laxá dagana 7. til 9. ágúst 2015.

Dagur	klst.	Umferð	Dagur	klst.	Umferð	Dagur	klst.	Umferð
7.8.2015	00:00	0	8.8.2015	00:00	0	9.8.2015	00:00	0
7.8.2015	01:00	0	8.8.2015	01:00	0	9.8.2015	01:00	0
7.8.2015	02:00	0	8.8.2015	02:00	0	9.8.2015	02:00	0
7.8.2015	03:00	0	8.8.2015	03:00	0	9.8.2015	03:00	0
7.8.2015	04:00	0	8.8.2015	04:00	0	9.8.2015	04:00	0
7.8.2015	05:00	0	8.8.2015	05:00	0	9.8.2015	05:00	0
7.8.2015	06:00	0	8.8.2015	06:00	0	9.8.2015	06:00	0
7.8.2015	07:00	0	8.8.2015	07:00	0	9.8.2015	07:00	0
7.8.2015	08:00	0	8.8.2015	08:00	2	9.8.2015	08:00	0
7.8.2015	09:00	0	8.8.2015	09:00	0	9.8.2015	09:00	0
7.8.2015	10:00	1	8.8.2015	10:00	0	9.8.2015	10:00	2
7.8.2015	11:00	6	8.8.2015	11:00	3	9.8.2015	11:00	0
7.8.2015	12:00	3	8.8.2015	12:00	1	9.8.2015	12:00	0
7.8.2015	13:00	4	8.8.2015	13:00	1	9.8.2015	13:00	0
7.8.2015	14:00	2	8.8.2015	14:00	0	9.8.2015	14:00	1
7.8.2015	15:00	2	8.8.2015	15:00	1	9.8.2015	15:00	1
7.8.2015	16:00	5	8.8.2015	16:00	0	9.8.2015	16:00	1
7.8.2015	17:00	1	8.8.2015	17:00	0	9.8.2015	17:00	2
7.8.2015	18:00	0	8.8.2015	18:00	1	9.8.2015	18:00	0
7.8.2015	19:00	0	8.8.2015	19:00	0	9.8.2015	19:00	0
7.8.2015	20:00	0	8.8.2015	20:00	0	9.8.2015	20:00	2
7.8.2015	21:00	1	8.8.2015	21:00	0	9.8.2015	21:00	0
7.8.2015	22:00	0	8.8.2015	22:00	0	9.8.2015	22:00	0
7.8.2015	23:00	0	8.8.2015	23:00	0	9.8.2015	23:00	0
Alls:		25	Alls:		9	Alls:		9


Lokaorð

Athugað var hvort hægt væri að nýta gögn úr teljurum Vegagerðarinnar en enginn teljari er staðsettur í námunda við Stóru Laxá.

VIÐAUKI 2 – VIÐTALSRAMMI SEM STUÐST VAR VIÐ Í VIÐTÖLUM VIÐ HAGSMUNAÐILA VEGNA FYRIRHUGAÐRAR VIRKJUNAR Í STÓRU LAXÁ



Sýnir: _____ Statur: _____ Dagur: _____



Viðtöl við hagsmunaaðila ofan Laxárgljúfra


- Rannsókn gerð í júní - ágúst 2015 af verkfræðistofunni EFLU fyrir Landsvirkjun


Rannsókn þessi er hluti af undirbúningsrannsókn vegna hugsanlegrar vatnsaflsvirkjunar í Stóru-Laxá, ofan Laxárgljúfra. Vg þú vinnu þátt að alla fjölbætra gagna og er komin þessi liður í að meira alnif fyrirséðar á ferðgjöfnustu og útvist. Tilgangur heimur er að alla upplýsinga um svæði nærri fyrirmögð virkjun. Umgjön með veninu hefur verkfræðistofan EFLA.

Vinsamlegast skoðuðu vel myndir og texta um fyrirhugaða virkjun áður en þú svarar könnuninni. Þátttaka þín í þessari könnun er afar mikilvæg og ferð verður með allar upplýsingar sem trönaðarmál.

1. **Nafr:** _____
2. **Aldur:** 18-30 31-50 50-67 67+
3. **Þjóðerni:** íslenskt annað, hvað: _____
4. **Staða og heimilisfang fyrirtækis/félags:** _____
5. **Stærð fyrirtækis/félags á mælikvarðar íslenskrar ferðabjónustu og uppl. um starfsemi:**
 lítt miðlungs stórt
6. **Hefur svæðið við fyrirhugaða Stóru-Laxárvirkjun sérstaka merkingu fyrir þér, bæði persónulega og hvað varðar starf þitt? Efi já, hvaða?**

7. **Hvað geturú sagd mér um ferðir ykkar fólks á svæðið nágrenni fyrirhugaðrar virkjunar í Stóru Laxá? T.d. hvert fer fólki, hvernig, hversu oft, á hvaða árstíma, tilgangur ferðanna, hvert er aðráttaralið, hvaða fólk er að fara?**





8. **Veistu um aðra aðila eða hópa sem sækja svæðið heim? Hverjir eru þau og í hvaða tilgangi koma þeir?**

9. **Hversu margir ferðamenn fóru á ykkar vegum um svæðið á síðasta ári? Stóustu 5 árin?**

10. **Hvaða staðir eru helst skoðaðir í skipulögðum ferðum ykkar um svæðið í nágrenni fyrirhugaðrar Stóru-Laxárvirkjunar? Af hverju eru þessir staðir vinsælir?**

11. **Hvernig komist þið á svæðið í ferðum ykkar? (farartæki og vegir/slóðar)**

12. **Telur þú að umferð (gangandi/akandi/hjólandi/riðandi) um svæðið hafi aukist eða minnkað á undanföllum árum? Vinsamlegast skýru.**

13. **Hver er afstaða þín til núverandi ástands á aðkomu að svæðinu? Er eitthvað sem þú telur að mætti bæta?**

14. **Finnt þér vanta þjónustu á svæðið?**
 nei já veit ekki vil ekki svara

b) **Vinsamlegast fylltu út töfluna:**

1 – sam-mála	2 – hlut-laus	3 – ósam-mála	4 – veit ekki
A svæðinu fyrir ofan Laxárgljúfur ætti að vera			
tjaldsvæði			

2

hótel/gæstheimili	
aðstaða fyrir húsbíla/haldavagna	
menntir göngustígar	
salernisaðstaða	
verslun með nauðsynjar	
eldisneftrissala	
upplýsingaskilti	
betti vegasamgöngur	
engin þjónusta umfram það sem nú er annað, hvað?	

15. a) **Hefurðu tekið eftir háspennulimum á ferðum þínum um svæðið?**
 nei, sé ekki tók eftir en veitti ekki athygli já svolítið já mikið veit ekki
- b) **Ef já, hvar?**
- c) **Ef já, trúluðu bæir upplifun þína af svæðinu?**
 nei já veit ekki vil ekki svara

16. **Telur þú að eftirlitdir þættir Stóru-Laxárvirkjunar hefðu áhrif á útvist eða ferðabjónustu á svæðinu? Merktu við allt sem við á**

	Jákvæð	Engin	Neikvæð	Veit ekki
Virkjunin í heild sinni				
Stíflur / stíflugarðar				
Inntaks- og miðlunarlón				
Aðvættuskurðir				
Nýir vegir / vegasíðar				
Háspennulínur				
Minnkað / breytt rennsli Stóru Laxár				

17. **Telur þú að virkjunin muni hafa áhrif á upplifun ferðamanna af svæðinu?**

	Jákvæð	Engin	Neikvæð	Veit ekki
Virkjunin í heild sinni				
Stíflur / stíflugarðar				
Inntaks- og miðlunarlón				
Aðvættuskurðir				

Nýir vegir / vegasíðar				
Háspennulínur				
Minnkað / breytt rennsli Stóru Laxár				

- Útskýrðu, ef þarf:
18. **Telurðu að virkjunin í Stóru Laxá myndi hafa áhrif á náttúrufars-, samfélags- og atvinnupætti? Hvaða þá og hvernig?**
- _____
- _____
- _____
- _____

19. **Vinsamlegast fylltu út töfluna:**

	1 – sam- mála	2 – hlut- laus	3 – ósam- mála	4 – veit ekki
Hver er skoðun þín á eftirfarandi fullyrðingum?				
Vegakerfið á svæðinu ætti að skipuleggja með hagsmunum ferðabjónustu og útvistar að leiðarljósi				
Bætt vegakerfi á svæðinu vegna virkjunarfram- kvæmda myndi auka líkurar á að fólk kæmi á svæðið				
Virkjunarmannvirki myndu hafa jákvæð áhrif á upplifun mína af svæðinu				
Aukin umferð göngufólks á svæðinu er til bóta				
Aukin umferð heitamanna á svæðinu er til bóta				
Aukin umferð vélknúinna fararabíla á svæðinu er til bóta				
Virkjunarmannvirki á svæðinu myndu auka möguleika á nýsköpun í ferðabjónustu og útvist				
Virkjunarmannvirki á svæðinu myndu hafa aðdráttarafl fyrir ferðamenn				
Virkjunarmannvirki og uppbygging í ferðabjónustu á svæðinu fara vel saman				
Bætt aðgengi að svæðinu myndi auka líkurar á því að ég kæmi hingað aftur				
Svæðið ætti að lita ósnert umfram það sem nú þegar hefur verið gert á því – engin rískan uppbygging ætti að eiga sér stað				

Landsvirkjun	EFLA
Eg er / heildina tekið jafnvæði/ur gagnvart virkjun í Stóru Laxá ofan Laxargljúfra	


Útskýróu, ef þarf: _____

20. Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram?


Bestu þakkir fyrir þátttökuna!

5

VIÐAUKI 3 – SPURNINGALISTI SEM LAGÐUR VAR FYRIR FERÐAMENN Á SVÆÐINU ÞAR SEM STÓRU-LAXÁRVIRKJUN ER FYRIRHUGUÐ



Landsvirkjun



EFLA

Smygli: _____ Stöður: _____ Dagur: _____


Spurningalisti fyrir ferðamenn á svæðinu ofan Laxárgljúfra

- Ramsókn gerð í júní-ágúst 2015 af verkfræðistofumi EFLU fyrir Landsvirkjun


Ramsókn þessi er hluti af undirbúningsrannsökn vagna hugsnegar vatnsfallsvirkjunar í Störu-Laxá ofan Laxárgljúfra. Víg þú vinnu þarf að alla fjölþættra atriða og er komin þessi líkur í að að meta áhrif virkjananna á ferðabönustu og útlíft. Tilgangur þennar er að alla upplýsinga um svæðið nærri fyrirhuguð virkjun. Únsjón með verkun hefur verkfræðistofan EFLA.

Vinsamlegast skobðu vel myndir og texta um fyrirhuguða virkun áður en þú svarar könnuninni. Þátttaka þín í þessari könnun er afar mikilvæg og ferð verður með allar upplýsingar sem trúaðarmál.

- Kyn: kona karl
- Aldur: 18-30 31-50 50-67 67+
- Hvar býrðu? þéttbýli drefbýli
Póstnúmer Ísland eða land ef útlönd: _____
- Atvinna: _____
- Þjófberni: Íslenskt annað, hvað: _____
- Menntun eftir grunnskóla: < 2 ár 2-4 ár 5-8 ár > 8 ár
- Hve margar nætur stendur ferðin? dagsferð lengri ferð, _____ nætur
- Hvefir eru helstu viðkomustaðir þínir í ferðinni: _____
- Ef í lengri ferð, hvar dvelurðu meðan þú ert á svæðinu? Merktu við allt sem við á
 lögbýli tjald á tjaldsvæði húsbílljaldvagn á tjaldsvæði
 húsi/boði í þéttbýli tjald á víðavangi húsbílljaldvagn á víðavangi
 sumarhús fjallaskáli, hvar: _____
 annað: _____
- Með hverjum ferðast þú? Vinsamlegast merktu við allt sem við á
 einn í ferð ættingjum / vinum



Landsvirkjun



EFLA

Smygli: _____ Stöður: _____ Dagur: _____

Spurningalisti fyrir ferðamenn á svæðinu ofan Laxárgljúfra

- Ramsókn gerð í júní-ágúst 2015 af verkfræðistofumi EFLU fyrir Landsvirkjun

Ramsókn þessi er hluti af undirbúningsrannsökn vagna hugsnegar vatnsfallsvirkjunar í Störu-Laxá ofan Laxárgljúfra. Víg þú vinnu þarf að alla fjölþættra atriða og er komin þessi líkur í að að meta áhrif virkjananna á ferðabönustu og útlíft. Tilgangur þennar er að alla upplýsinga um svæðið nærri fyrirhuguð virkjun. Únsjón með verkun hefur verkfræðistofan EFLA.

Vinsamlegast skobðu vel myndir og texta um fyrirhuguða virkun áður en þú svarar könnuninni. Þátttaka þín í þessari könnun er afar mikilvæg og ferð verður með allar upplýsingar sem trúaðarmál.

- Hvernig komstu hingað?
 - máka vinnu / klubbfélögum
 - fjölskyldu með barnbörm ferðafélögum í skipulagðri hóperð
 - öðrum: _____
- Hvernig komstu hingað?
 - akandi í fólkabíl
 - akandi í rótu
 - akandi á fjórhjólsmótorhjólforfaruhjól
 - hjólandi á reihjól
 - annað, hvað? _____
- Hvers vegna komstu hingað í dag? Vinsamlegast merktu við allt sem við á
 - hestarferð skoða menningar- / söguminnar
 - gönguferð skoða ákveðna stað, hvað: _____
 - fjörulóferð jeppiferð
 - veidiferð fuglascoúmarferð
 - útvera einvera / kyrr
 - til að njóta náttúrunnar til að upplifa víðernið
 - vinnuferð söfnun á náttúruferðum
 - ljósmyndun annað, hvað? _____
13. a) Hefurðu komið áður á þennan stað?
 - nei já veit ekki vil ekki svara
 - b) í ár á síðustu 1-5 árum fyrir 6 árum eða meira
 - c) að sumarlagi að veitralagi
 - d) akandi í fólkabíl akandi í rótu
 - akandi á fjórhjólsmótorhjólforfaruhjól
 - gangandi hjólandi á reihjól
 - ríðandi annað, hvað? _____
14. a) Hefurðu í hyggju að koma aftur á þennan stað?
 - nei já veit ekki vil ekki svara
 - b, c og d) Ef já, hvenær og hvernig? Vinsamlegast merktu við allt sem við á
 - b) í ár á næstu 5 árunum eftir 6 ár eða meira
 - c) að sumarlagi að veitralagi
 - d) akandi í fólkabíl akandi í rótu
 - akandi á fjórhjólsmótorhjólforfaruhjól

15. Gangandi Hjólandi á reiðhjól annað, hvað? gangandi Hjólandi á reiðhjól annað, hvað?

16. Finnst þér vanta þjónustu á svæðið? nei já veit ekki vil ekki svara

b) Vinsamlegast fylltu út töfluna:

Á svæðinu fyrir ofan Laxárgljúfur ætti að vera	1 – sam-mála	2 – hlut-laus	3 – ósam-mála	4 – veit ekki
tjaldsvæði				
hótel/gistiheimili				
aðstaða fyrir húsbíla/tjaldvagna merktir göngustígar				
salernisástaða				
verslun með nauðsynjar				
eidneytsala				
upplýsingaskilti				
bætt vegsamgöngur				
engin þjónusta umfram það sem nú er				
annað, hvað?				

16. Telur þú að eftirtaldir þættir Stóru-Laxárvirkjunar hefðu áhrif á útivist eða ferðabjónustu á svæðinu? Vinsamlegast merktu við all sem við á

	Jákvæð	Engin	Neikvæð	Veit ekki
Virkjunin í heild sinni				
Stiftur / stíflugarðar				
Inntaks- og miðlunarlón				
Aðvættuskurðir				
Nýjir vegir / vegaslóðar				
Héspennulnur				
Minnkað / broytt rennsli Stóru Laxár				

17. a. Telur þú að virkjun í Stóru Laxá myndi hafa áhrif á uppflun þína af svæðinu ofan Laxárgljúfra? nei já veit ekki vil ekki svara

b. ef já, hvaða áhrif? _____

18. a) Hefurðu tekið eftir háspennulínum á ferðum þínum um svæðið? nei, sá ekki tók eftir en veitti ekki athygli já svolið já mikið veit ekki

b) Ef já, hvar? _____

- c) Ef já, trúfðuðu þær uppflun þína af svæðinu? nei já veit ekki vil ekki svara

19. Vinsamlegast fylltu út töfluna:

Hver er sköðun þín á eftirtalandi fullyrðingunum?	1 – sam-mála	2 – hlut-laus	3 – ósam-mála	4 – veit ekki
Vegakerfið á svæðinu ætti að skipuleggja með hagsmunum ferðabjónustu og útvistar að leiðarljósi				
Bætt vegakerfi á svæðinu vegna virkunarframkvæmda myndi auka líkurnar á að fólk kæmi á svæðið				
Virkjunarmannvirki myndu hafa jákvæð áhrif á uppflun mína af svæðinu				
Aukin umferð göngufólks á svæðinu er til bóta				
Aukin umferð heftamanna á svæðinu er til bóta				
Aukin umferð velknuinna farataekja á svæðinu er til bóta				
Virkjunarmannvirki á svæðinu myndi auka möguleika á nýsköpunum í ferðabjónustu og útivist				
Virkjunarmannvirki á svæðinu myndu hafa áhrif á ferðabjónustu				
Virkjunarmannvirki og uppbygging ferðabjónustu á svæðinu fara vel saman				
Bætt aðgengi að svæðinu myndi auka líkurnar á því að ég kæmi hingað aftur				
Svæðið ætti að láta ósnert umfram það sem nú hegar hefur verið gert á því – engin frekari uppbygging ætti að eiga sér stað				
Ég er í heildina tekið jákvæð/ur gagnvart virkjun í Stóru Laxá ofan Laxárgljúfra				

20. Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram? _____

Bestu þakktir fyrir þátttökuina!

Questionnaire for tourists in the area above Laxárgljúfur (Stóra Laxá canyons)

- Research conducted in June-August 2015 by EFLA Consulting Engineers for Landsvirkjun

This survey is part of a preparation study for a potential hydroelectric dam in Stóra Laxá, above the canyons. Such work includes gathering diverse data and this survey is one link of many in evaluating the dam's impact upon tourism and recreation. The purpose is to provide information about the area near the proposed dam. EFLA Consulting Engineers administers the survey.

Please carefully study the photos, maps and text on the proposed dam before you answer the survey. Your participation in this survey is of great importance and all information you offer will be confidential.

1. **Gender:** woman man
2. **Age:** 18-30 31-50 50-67 67+
3. **Where do you live?** urban area rural area
Postal code if in Iceland/country if elsewhere: _____
4. **Employment:** _____
5. **Nationality:** Icelandic other, what: _____
6. **Education after compulsory education:** <2 years 2-4 years 5-8 years > 8 years
7. **How many nights does your trip last?** day/trip longer trip, ____ nights
8. **Where will you stop during your trip?** _____
9. **If you are on a longer trip, where do you reside while in the area? Check all that applies**
 farm tent - camp ground RV/camper - camp ground
 house in an urban area tent - field RV/camper - field
 summer cottage mountain cottage, where: _____
 other: _____

10. **Whom do you travel with? Please check all that applies**
 by myself relatives / friends
 spouse work- / club mates
 family with child/children other participants on an organized guided trip
 others: _____

11. **How did you get here?**
 driving on a bus
 driving on a car
 driving on a truck
 hiking
 riding a bicycle
 riding a horse
 other, what? _____

12. **Why did you come here today? Please check all that applies**
 horse riding trip to observe cultural- / historical relics
 hiking trip to observe certain places, which: _____
 truck tour ATV trip
 fishing trip bird watching
 outdoor recreation calmness / solitude
 to enjoy nature to experience the open wilderness
 for work gathering of natural products
 photography other, what? _____

13. a) **Have you come to this area before?**
 no yes don't know don't want to answer
 b, c and d) **If yes, when and how? Please check all that applies**
 b) this year in the last 1-5 years 6 years ago or more
 c) in the summer in the winter
 d) driving in a car driving on a bus
 driving in a truck driving on a ATV/motor cycle/motocross
 hiking riding a bicycle
 riding a horse other, what? _____

14. a) **Do you intend to come back to this area?**
 no yes don't know don't want to answer
 b, c and d) **If yes, when and how? Please check all that applies**
 b) this year in the next 5 years in 6 years or more
 c) in the summer in the winter

- d) driving in a car driving on a bus
 driving in a truck driving on a ATV/motor cycle/motocross
 hiking riding a bicycle
 riding a horse other, what? _____

15. a) Do you think services are needed in the area?

- no yes don't know don't want to answer

b) Please check the appropriate boxes:

In the area above Stóra Laxá canyon, there should be	1 – agree	2 – neutral	3 – disagree	4 – don't know
a camping ground				
hotel/guesthouse				
RV/camper facilities				
marked hiking trails				
toilet facilities				
store that sells necessities				
filling station				
interpretive sign posts				
improved road conditions				
no services beyond what is now offered				
other, what?				

16. Do you think that the following parts of the proposed Stóra Laxá power plant would impact recreation or tourism in the area? Please check all that applies

	Positively	Not at all	Negatively	Don't know
The plant in its entirety				
Dams				
Lagoons				
Canals				
New roads				
Transmission lines				
Diminished / changed flow of Stóra Laxá river				

17. a. Do you think that a dam in Stóra Laxá would affect the way you experience the area above Stóra Laxá canyons?

- no yes don't know don't want to answer

b. if yes, how? _____

18. a) Have you noticed transmission lines in your travels around the area?
 no, didn't notice noticed but paid no attention yes a little yes a lot don't know
- b) if yes, where? _____

c) if yes, did they disturb your experience of the area?

- no yes don't know don't want to answer

19. Please check the appropriate boxes:


What is your opinion of the following statements?	1 – agree	2 – neutral	3 – disagree	4 – don't know
The road system in the area should be designed so that it benefits tourism and recreation				
Improved road system in the area due to the power plant would increase the likelihood that people come here				
Power plant structures would have positive impact of my experience of the area				
Increased traffic of hikers in the area is beneficial				
Increased traffic of horse riders in the area is beneficial				
Increased traffic of motorized vehicles in the area is beneficial				
Power plant structures in the area would improve the possibility of innovation in tourism and recreation				
Power plant structures in the area would be attractive to tourists				
Power plant structures and tourism development in the area function well together				
Improved access to the area would increase the chances of me coming here again				
The area should be left untouched beyond what has already been developed here – no further development should occur				
On the whole, I am positive towards a power plant in Stóra Laxá above the canyons				

20. Any other comments that you want to make:

Thank you for participating!

VIÐAUKI 4 – SKÝRINGAMYNDIR OG TEXTI SENDUR VIÐMÆLENDUM Í VIÐTALSKÖNNUN OG SÝNDAR ÞÁTTTAKENDUM Í SPURNINGAKÖNNUN

Myndirnar sem bæði voru sendar viðmælendum í viðtalskönnuninni og sýndar þátttakendum í spurningakönnuninni er jafnframt að finna í fyrsta kafla þessarar skýrslu, myndir 1, 2, 3 og 4.





Yfirit A-V



Yfirit N-S

Textinn sem notaður var til útskýringa:

Skýringar vegna fyrirhugaðrar virkjunar í Stóru Laxá

- Landsvirkjun lætur nú kanna áhrif virkjunar í Stóru Laxá ofan Laxárgljúfra, en Orkustofnun veitti rannsóknarleyfi fyrir henni árið 2012. Virkjunarmannvirki yrðu bæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Hrunamannahreppi.
- Reiknað er með að Laxárgljúfur verði ósnortin en vatnsmagn um þau mun minnka. Vatni yrði hleypt framhjá virkjuninni til að tryggja laxgengd í gljúfrunum, en neðarlega í þeim eru efstu veiðistaðir árinna.
- Fjögur misstór lón yrðu mynduð – Illaverslón (6,7 km²), Stóru-Laxárveitulón 0,25 km²), Geldingaverslón (4,6 km²) og Leirárveitulón (1 km²). Heildarlengd stíflanna yrði samtals um 2500 m og mesta hæð 18 m.
- Vestan Illagils yrðu byggð jarðgöng eða þrýstipípa grafin í jörð og vatninu veitt neðanjarðar niður að stöðvarhúsi við ármót Stóru Laxár og Skillandsár neðan við gljúfrin.
- Sultartangalínur 2 og 3 liggja um svæðið og línuvegur meðfram þeim. Aðkoma að virkjanasvæðinu yrði m.a. eftir línuveginum, og frá Mástunguvegi (329) að stöðvarhúsi og neðri hluta virkjanasvæðis.
- Tenging virkjunarinnar yrði líklega með jarðstreng að Flúðalínu eða beint í tengivirki við Búrfell.

Quick translation for the maps – possible hydroelectric dam in Stóra Laxá above the canyons

- Landsvirkjun investigates the impact of a hydroelectric power plant in Stóra Laxá above the canyons, but the National Energy Authority issued a prospecting license in 2012. The plant's structures would be both in Skeiða- og Gnúpverjahreppur and in Hrunamannahreppur shires.
- The Laxá Canyons are expected to be untouched, but the amount of water running through them will decrease. Water would be sent past the dam to ensure the salmon habitat in the canyons, due to the fact that fishing is allowed in the tail end of the canyons.
- Four different size reservoirs would be formed - Illaverslón (6.7 km²), Stóru-Laxárveitulón (0.25 km²), Geldingaverslón (4.6 km²) and Leirárveitulón (1 km²). The total length of the dams would be about 2500 m and the maximum height 18 m.
- A tunnel would be built or a pressure pipe buried west of Illagil, and the water sent underground to the powerhouse at the confluence of Stóra Laxá and Skillandsá below the canyons.
- Sultartangi transmission lines 2 and 3 are in the area and a gravel road follows the lines. Access to the hydroelectric dam would be along the power line road and from Mástunguvegur (329).
- The power plant would likely be connected with a buried line to Flúðir transmission line or directly to the substation in Búrfell.

- Aðrennslisgöng = Headracetunnel
- Frárennslisgöng = Tailracetunnel
- Stöðvarhús = Power house
- Stíflur/ stífla = Dams / dam
- Aðkomuvegur = Road to the area
- Vegur að Hallarmúla = Road to Hallarmúli
- Lón = Reservoir
- Núv. háspennulínur = Existing transmission lines
- Línuvegur = Path that follows the transmission lines
- Veituskurður = Canal
- Nýr slóði = New gravel road/path



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

